

Leiðarvísir

Platinum 955 €/775



VSM Group AB • SE-561 84 Huskvarna, Sweden
www.husqvarnaviking.com

412 99 27-07A • InHouse • © 2006 VSM Group AB • All rights reserved • Printed in Sweden on environmentally-friendly paper



ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

Öryggisatriði

- Notið vélina aldrei sem leikfang. Ef vélin er notuð af börnum eða nálægt börnum, þá verður ávallt að fylgjast vel með.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni ("0") þegar unnið er nálægt nálarsvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísir vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í vélinni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött).

Spólan sett í vélina	10
Spólusvæðið	57
Sporlengd	19, 35
Stafróf	22-23, 38
Start/Stop	18, 34
Stilling á saumaröð	42
Stingplata	45
Stingplatan sett á	57
STOP	18, 34

Tákn á skjánum	24-25, 39
Tvinnaspenna	15
Tvinnahreinsun	53

Umhirða Platinum véla	55-59
Útlínu blokk stafróf	22
Útsaumsáhald fjarlægt	46
Útsaumsáhald tengt	46
Útsaumsáhald yfirlit	44
Útsaumsfótur U	45
Útsaumsfylgihlutir 44	
Útsaumsrammi tengdur	48

Val á saum	21, 37
Undirvalmynd fyrir stafróf	22
Valmyndir sauma	21, 36
Valmyndir stafróf	22, 36
Vélin tekin í notkun	4
Vélin tengd	4

Yfirlit	2-3
Þræðing	
spólu	10
nál	8
yfirtvinna	7
tvíburanál	9
Þræðari	8
Þrýstingur	14
Örvarhnappar	20

Við áskiljum okkur fullan rétt til að breyta útliti eða notkunareiginleikum vélarinnar svo og fylgihlutum hennar án fyrirvara. Slíkar breytingar munu hins vegar ávallt verða til bóta bæði hvað vélina varðar og einnig fyrir notandann.



Vinsamlegast athugið að ef þessu tæki verður fargað, þá verður að endurvinnna það í samræmi við landslög sem gilda um förgun rafmagns/elektrónískra tækja. Ef þið eruð í vafa þá hafið samband við seljanda tækisins.

Efnisyfirlit

Kynnist Platinum vélinni

Yfirlit	
Hólf fyrir fylgihluti	
Fylgihlutir	
Vélin tekin í notkun	
Vélin tengd við rafmagn	
Gengið frá að saum loknum	
Hólf fyrir fylgihluti	
Keflispinnar	
Þræðing á yfirtvinna	
Þræðari fyrir nál	
Þræðing á tvíburanál	
Spólað á spóluna	
Spólan sett í vélina	
Spólað í gegn um nálina	
Nálar	
Skipt um nál	
Saumfætur	
Skipt um saumfót	
Þrýstingur á saumfót (a)	
Fótlyftir (b)	
Tvinnaspenna	
Flytjarinn tekinn úr sambandi	

Aðgerðir og skjárinn á Platinum 775

Aðgerðarhnappar	18
Aðgerðarskjár	19
Val á saumum	21
Saumráðgjafi	24
Val á efnum - ofin eða þrjónuð	24
Tækni	25
Hvernig á að nota saumráðgjafann	26
Tákn á skjá	27
Forritun	29-31

Aðgerðir og skjárinn á Platinum 955E 33

Aðgerðarhnappar	34
Aðgerðarskjár	35
Val á saumum	37
Tákn á upplýsingaskjá	39
Almenn tákn	39
Forritunartákn	40
Hnappagatatákn	40

2	Forritun	41
2-3	Forritun á saumum og stöfum	42
3	Forritið saumað	43
3	Útsaumstækið og yfirlit	44
4	Útsaums fylgihlutir	44
4	Útsaumsfóturinn U settur á	45
5	Útsaumstækið tengt	46
5	Útsaumstækið fjarlæggt	46
6	Efnið spennt í ramma	47
7	Mát fyrir útsaumsrammann	47
8	Ramminn settur á útsaumstækið	48
9	Byrjað að sauma	48
10	Tákn á skjánum við útsaum	49
10	Útsaums aðgerðir	50
11		


12	Umhirða á Platinum vélinni	55
12	Skipt um peru	56
13	Hreinsun á vél	57
14	Gangtruflanir og ráð við þeim	58

14	Yfirlit	60
----	----------------	-----------





Kynnist Platinum vélinni



Yfirlit vélin að framan

- | | |
|---|--|
| 1. Lok | 20. Botnplata |
| 2. Snerill fyrir fótþrýsting | 21. Snerill til að setja flytjara í / úr sambandi |
| 3. Þráðgjafi | 22. Fótstöng og fóthalda |
| 4. Tvinnaspenna | 23. Festiskrúfa fyrir nál |
| 5. Forspenna | 24. Tvinnaspenna fyrir spólun |
| 6. Nálarstaða uppi/niðri | 25. Aðal keflispinni |
| 7. Hnappur fyrir stop | 26. Skífur til að halda tvinnakeflum |
| 8. FIX hnappur | 27. Stýringar fyrir spólun |
| 9. Hnappur fyrir saumhraða - hraðar | 28. Auka keflispinni |
| 10. Hnappur fyrir saumhraða - hægar | 29. Spólari |
| 11. Start/Stop hnappur | 30. Stoppari fyrir spólun |
| 12. Hnappur fyrir afturábak | 31. Tvinnahnífur fyrir spólun |
| 13. Tengill fyrir nema á hnappagatafæti | 32. Handhjól |
| 14. Ljós | 33. Snertiflötur með upplýsingaskjá |
| 15. Þræðari fyrir nál | 34. (aðeins á Platinum 955E) Rauf fyrir útsaums d-kort |
| 16. Nálarstöng | 35. Aðalrofi, tenglar fyrir rafmagn og fót-mótstöðu |
| 17. Saumfótur | 36. Mælistika (tommur og sentimetrar) |
| 18. Friármur | |
| 19. Lok yfir grípara | |



Yfirlit - vélin að aftan

- 37. Handfang
- 38. Tvinnahnífur
- 39. Fótlyftir
- 40. Þræðari fyrir nál
- 41. (aðeins á Platinum 955E) Tengill fyrir útsaumstæki

Hólf fyrir fylgihluti

- 42. Svæði fyrir fylgihluti
- 43. Svæði fyrir saumfætur
- 44. Svæði fyrir spólur

Saumfætur fyrir 775

Saumfætur A, B, C, D, E, H, J og hnappagatafótur með nema (sjá bls. 13-14 yfirlit yfir saumfætur).

Saumfætur fyrir 955E

Saumfætur A, B, C, D, E, J og hnappagatafótur með nema (sjá bls. 13-14 yfirlit yfir saumfætur).




Pictogram penni – sérstakur penni sem hægt er að merkja með á fatnað. Liturinn hverfur eftir nokkra tíma. Einnig er hægt að nota kalt vatn til að fjarlægja merkinguna áður en straujað er.

Fylgihlutir

Nálar

Tvinnakefli

- 45. Bursti
- 46. Áhald til að fjarlægja stingplötu (sett á burstann)
- 47. Skrúfjárn
- 48. Sprettihnífur
- 49. Jöfnunarplata
- 50. Spólur
- 51. Filtskífa
- 52. Áhald til að fjarlægja peru
- 53. Tvinnanet
- 54. Skífur fyrir tvinnakefli







Vélin tekin í notkun

1. Setjið vélina á borð, fjarlægjið pakkningar og lyftið lokinu.
2. Fjarlægjið pakkningar, fótmótstöðu og síðan lokið.
3. Vélinni fylgir poki með fylgihlutum og rafmagnssnúra.
4. Strjúkið aðeins yfir vélina með þurrum klút, sérstaklega í kring um nálar svæðið þannig að engir blettir komi í það sem á að sauma.

Tengið snúruna fyrir fótmótstöðuna

Meðal fylgihlutanna eru snúrur fyrir fótmótstöðuna og rafmagn. Tenging á snúrunni við fótmótstöðuna er aðeins nauðsynleg í fyrsta sinn, en síðan er hún látin vera tengd.

1. Takið snúruna fyrir fótmótstöðuna, snúið fótmótstöðunni við og tengið snúruna við tengilinn sem er á mótstöðunni.
2. Þrýstið á hana svo hún sé örugglega vel tengd.
3. Smeygið snúrunni síðan í raufina sem er hægra megin á hlið mótstöðunnar.



Vélin tengd við rafmagn

Á botni vélarinnar eru upplýsingar um rafspennu (V) og tíðni (Hz).

Áður en þið tengið fótmótstöðuna fullvissið þið ykkur um að hún sé af gerðinni “FR4” (merkt neðan á fótmótstöðuna).



1. Tengjið fótmótstöðuna í fremri tengilinn á neðanverðri hægri hlið vélarinnar.
2. Tengjið rafmagnssnúruna í aftari tengilinn á neðanverðri hægri hlið vélarinnar.
3. Þegar þið kveikið á aðalrofanum (ON), kviknar bæði á vélinni og ljósi hennar.





Gengið frá að saum loknum

1. Ýtið á aðalrofann til að slökkva á vélinni.
2. Takið rafmagnssnúruna fyrst úr sambandi við vegg tengil og síðan úr vélinni.
3. Vefjið snúrunni um handarbakið og setjið hana í hólfið á lokinu yfir vélina. Hér er einnig pláss fyrir leiðarvísinn.
4. Takið fót mótstöðuna úr sambandi við vélina. Vefjið snúrunni um handarbakið og setjið hana síðan í hólfið á lokinu.
5. Fullvisið ykkur um að allir fylgihlutir séu á sínum stað í hólfinu. Rennið hólfinu síðan utan um fríarminn.
6. Setjið fót mótstöðuna, með neðri hlutanum að ykkur, þannig að hún fari í sköruna fyrir fylgihlutina á bakanum aftan til á vélinni.




Hólfið fyrir fylgihlutina

Í hólfinu eru sérstök svæði fyrir saumfætur, spólur, nálar og aðra fylgihluti. Geymið fylgihlutina ávallt í þessu hólfi þannig að þeir séu alltaf á sínum stað þegar á þarf að halda.

Hólfið fjarlægt


Þegar nota á fríarminn er hólfið fjarlægt. Þegar hólfið er á sínum stað er lítill plas-
trókur sem heldur því föstu við vélina. Lítill hnappur vinstra megin á botni vélarinnar (1) er notaður til að losa það og fjarlægja. Ýtið hnappnum upp á við og rennið hólfinu til vinstri.





Keflispinnar

Á Platinum 955E eru tveir keflispinnar, aðal keflispinni og auka keflispinni, og þeir henta fyrir allar tegundir tvinna. Togið keflispinnann út til hægri. Setjið tvinnakeflið þannig á keflispinnann að tvinninn snúist réttsælis. Setjið skífu á keflispinnann til að halda keflinu (sjá að neðan) og setjið keflispinnann aftur í lárétta stöðu.



Aðal keflispinni

Aðal keflispinnann er hægt að nota í lárétttri stöðu (tvinninn rennur af keflinu) eða í lóðréttri stöðu (tvinnakeflið snýst). Það eru tvær skífur á pinnanum, ein stór (a) og ein lítil (b). Það fer eftir því í hvaða stöðu þið hafið keflispinnann og einnig hvaða tegund af tvinnakefli þið ætlið að nota hvernig þið notið skífurnar. Notið lárétta stöðuna fyrir venjulegan tvinna og lóðréttu stöðuna fyrir stærri kefli eða sérstakan tvinna.


Lárétt staða

Þegar þið notið keflispinnann í lárétttri stöðu fyrir mjó tvinnakefli, er best að setja stóru skífuna (a) undir tvinnakeflið. Litla skífan (b) er svo sett fyrir framan það.


Ef þið notið stærri tvinnakefli er gott að setja litlu skífuna (b) undir keflið en stóru skífuna (a) fyrir framan það.

Látið flata hluta skífunnar liggja þétt upp að keflinu.

Ekkert bil á að vera á milli skífunnar og keflisins.





Lítið tvinnakefli



Stórt tvinnakefli

Lóðrétt staða

Þegar þið notið keflispinnann í lóðréttri stöðu er hann togaður út til hægri. Setjið stóru skífuna á keflispinnann og setjið síðan filtskífu undir tvinnakeflið. Þetta kemur í veg fyrir að keflið snúist of hratt.







Auka keflispinni

Auka keflispinninn er notaður t.d. þegar verið er að spóla á spóluna af öðru tvinnakefli eða þá fyrir annað tvinnakefli þegar saumað er með tvíburanál.

Þegar auka keflispinninn er notaður, setjið þið stóru skífuna og síðan filtskífuna undir tvinnakeflið.



Yfirtvinninn þræddur

Þegar þið þræðið yfirtvinnann verður að gæta þess að saumfóturinn sé uppi og nálin í efstu stöðu.



Slökkvið á aðalrofanum.

1. Togið keflispinnann út á við. Setjið kefli á pinnann og gætið þess að tvinninn renni réttisælis af keflinu. Ýtið keflispinnannum aftur á sinn stað. Haldið í tvinnann nálægt tvinnakeflinu með hægri hendi og notið vinstri hendina til að fara með tvinnann eins og örvarnar sýna.
2. Þræðið tvinnann í forspennuna (a) og síðan niður á milli spenniskífanna í tvinnaspenunni (b).
3. Haldið áfram að þræða eins og örvarnar sýna. Þræðið hægra megin frá þegar þið þræðið í rauðina á þráðgjafanum.
4. Togið tvinnann inn í síðustu stýringuna sem er rétt fyrir ofan nálina.
5. Nálin er svo þrædd framan frá (sjá einnig: þræðari fyrir nál).
6. Setjið tvinnann undir saumfótin og þaðan í tvinnahnífinn - togið niður á við til að skera tvinnann.



Þræðari fyrir nál

Nálin verður að vera í efstu stöðu þegar þræðarinn er notaður, og við mælum með því að saumfóturinn sé niðri.





Slökkvið á aðalrofanum.

1. Ýtið þræðaranum alla leið niður þannig að tvinninn krækist í stýringuna (a).
2. Snúið honum fram á við þar til hlífarnar á honum eru beggja megin við nálina. Við það fer krókurinn á þræðaranum í gegn um nálaraugað.
3. Leggið nú tvinnann um stýringuna, síðan undir járnhlífarnar sem eru utan um nálina og þannig að tvinninn fari í krókinn sem fór í gegn um nálaraugað.
4. Látið nú þræðarann fara hægt og rólega til baka og þá dregur krókurinn á þræðaranum tvinnann í gegn um nálaraugað og myndar lykkju hinu megin. Togið lykkjuna síðan í gegn um nálaraugað.
5. Setjið tvinnann undir saumfótinn og klippið hann.

ATH: Þræðarinn hentar fyrir nálar í grófleika 70-120. Ekki er hægt að nota hann á nálar í grófleika 60 eða finni, ekki á Wing nálar (húllsaumsnálar) né tvíbura- eða þríburanálar, eða þegar verið er að nota hnappagatafótinn með nemanum. Þegar ýmsir aukahlutir eru notaðir getur einnig þurfi að þræða nálina á gamla háttinn - með höndunum (sjá að neðan).

Þegar nálin er þrædd með höndunum verður að gæta þess að þræða hana framan frá. Hvíti flöturinn á fóthöldunni gerir auðveldara að sjá nálaraugað. Einnig er hægt að nota lokið yfir spólunni sem stækkunargler.






Þræðing á tvíburanál



Slökkvið á aðalrofanum.

1. Setjið tvíburanál í nálarhölduna. Sjá bls. 12 ; “skipt um nál”.
2. Notið auka keflispinnann og annað tvinnakefli eða spólið tvinna á aðra spólu og notið hana.
3. **VINSTRI NÁLIN (RAUÐ):** Þræðið eins og áður var lýst á bls. 7 og gætið þess sérstaklega að tvinninn fari á milli innri spenniskífanna og inn í stýringuna fyrir ofan nálina. Þræðið vinstri nálina.
4. **HÆGRI NÁLIN (LJÓSRAUÐ):** Togið auka keflispinnann upp og setjið stóru skífuna og filtskífu á hann.
5. Setjið tvinnakefli eða spólu með tvinna fyrir hina nálina á keflispinnann.
6. Þræðið vélina eins og lýst var hér á undan en þessi tvinni verður að fara á milli ytri spenniskífanna og síðan að vera fyrir utan síðustu þræðinguna fyrir ofan nálina. Þræðið hægri nálina.



Spólað á spóluna

1. Setjið tóma spólu á spólarann og látið vörumerki Husqvarna snúa upp. Ýtið síðan niður á spólarann.
2. Setjið stóru skífuna og filtskífu á auka keflispinnann.
3. Þræðið tvinnann í fyrstu stýringuna (a), síðan undir næstu stýringu (b) og þaðan yfir í síðustu stýringuna (c) eins og sýnt er á myndinni.
4. Snúið tvinnanum nokkra hringi réttisælis í kring um spóluna og síðan í tvinnahnífinn (d).
5. Stigið á fótmoststöðuna. Þegar spólan er orðin full, stöðvast spólarinn sjálfkrafa. Fjarlægjið spóluna og klippið tvinnann. Ýtið spólaranum upp á við.


ATH: Eftir gaðum tvinnans getur verið gott að snúa tvinnanum einu sinni eða tvisvar í kring um fyrstu stýringuna (a).


Spólan sett í vélina



Slökkvið á aðalrofanum.

1. Fjarlægjið lokið yfir gríparanum með því að renna því fram á við.
2. Setjið spóluna í spóluhúsið og gætið þess að vörumerki Husqvarna snúi upp og tvinninn snúi til vinstri. Spólan snýst þá rangsælis þegar togað er í tvinnann.
3. Styðjið fingri ofan á spóluna til að halda við hana um leið og togað er í tvinnann til hægri og síðan til vinstri inn í spennifjöðrina (a) þar til hann “smellur” á sinn stað.
4. Haldið áfram að þræða í kring um (b) til hægri og þaðan til vinstri í tvinnahnífinn (c). Setjið lokið aftur yfir gríparann (1). Togið tvinnann til vinstri til að klippa hann (2).





Spólað í gegn um nálina

Aðgætið að nálin og saumfóturinn séu í efstu stöðu. Notið eingöngu grænu Husqvarna spólurnar.

Notið eingöngu saumfót úr járni þegar spólað er í gegn um nálina.

Spólið eins og lýst var hér á undan. Eini munurinn er sá að tvinninn er þræddur í gegn um nálina. Þaðan undir saumfótinn og síðan til hægri yfir stýringuna (c).

ATH: Við mælum ekki með því að spóla sértvinna eins og glæran tvinna eða annan teygjanlegan tvinna í gegn um nálina. Spólið þá á venjulegan hátt eins og lýst var hér á undan.



Nálar

Góð saumavélanál er mjög mikilvæg. Gætið þess að kaupa eingöngu gæðanálar og nálar af gerðinni 130/705H. Nálararnar sem fylgja vélinni innihalda mest notuðu grófleikana bæði fyrir ofin efni og teygjanleg.

A – Alhliða nálar í grófleika 80 og 90



Þessar nálar eru notaðar við sauma á ofnum efnum. Oddur nálanna er hannaður þannig að hann stingi á milli þráðanna í efninu svo hann skemmi ekki vefnaðinn.

B – Nálar fyrir teygjanleg efni í grófleika 90

Þessar nálar eru oftast kallaðar “stretch” nálar og eru fyrir þrjúnuð og teygjanleg efni. Þær eru merktar með gulum lit og eru með kúlulagaðan odd.

C – Nálar fyrir gallabuxnaefni í grófleika 90

Þessar nálar eru kallaðar “jeans” nálar og eru hannaðar fyrir gróf ofin efni eins og “denim” og segldúka. Þessar nálar eru merktar með bláum lit og eru með mjög hvassan odd til að auðvelda nálinni að komast í gegn um þessi grófu efni.



ATH: Skiptið oft um nál og notið eingöngu alveg beinar nálar með góðum oddi (a).


Skemmd nál (b) getur orsakað að vélin hleypur yfir og sleppi sporum, eða brýtur nálar. Skemmd nál getur einnig skemmt efnið sem verið er að sauma.

Skript um nál



Slökkvið á aðalrofanum.

1. Losið um skrúfunu í nálarhöldunni.
2. Fjarlægið nálina.
3. Setjið nýja nál í hölduna og gætið þess að flati kanturinn snúi frá ykkur og ýtið henni eins hátt upp í hölduna og hægt er.
4. Notið skrufjárninn til að herða á skrufunni.






Saumfætur

Margir saumfætur fylgjameð Platinum vélinni þegar hún er afgreidd frá verksmiðju.


Alhliða saumfótur A

Er á fóthöldunni þegar vélin er afgreidd frá verksmiðju. Þessi fótur er aðallega notaður fyrir beina sauma og zik zak þar sem sporlengdin er lengri en 1.0 mm.




Alhliða saumfótur B

Þegar saumur eru þétt zik zak spor með sporlengd minni en 1.0. Einnig er gott að nota þennan fót með ýmsum nytja og skrautsaumum. Úrtakið neðan á fætinum rennur mjög vel yfir þetta sauma.




Hnappagatafótur C

Hnappagatafóturinn er með línur sem ákvarða lengdir. Miðlínan gefur til kynna 15mm fjarlægð frá jaðri. Raufarnar tvær undir fætinum eru einnig góðar stýringar fyrir leggi hnappagatsins.




Blindsaumsfótur D

Er fyrir blindfalda. Innri brún fótans stýrir efninu og botninn er hannaður þannig að hann rennur meðfram faldbrúninni.




Rennilásafótur E

Er fyrir rennilása og hægt er að setja hann á fóthölduna þannig að nálín sé ýmist vinstra eða hægra megin við hann.




Saumfótur H (aðeins Platinum 775)

Er húðaður að neðan og er notaður þegar sauma þarf svampefni, plastefni eða leður. Húðin á honum kemur að mestu í veg fyrir að efnin festist við fótinn.



Jaðarfótur J

Er notaður til að kasta jaðra með “overlocksaum”. Einnig til að sauma saman og ganga frá jaðrinum í einum saum og þá er sporbreiddin 5.0 til 5.5 mm. Saumarnir fara út fyrir pinnann á fætinum, en hann kemur í veg fyrir að jaðarinn rykkist eða dragist saman.






Hnappagatafótur með nema

Þegar þessi fótur er tengdur við vélina getur vélin saumað aftur og aftur þá lengd af hnappagati sem upprunalega var ákveðið og saumað með fætinum. Línán í miðjunni gefur til kynna að fjarlægðin að jaðri efnisins sé 15 mm.

Fleiri upplýsingar um saumfætur sem hægt er að fá aukalega eru í leiðbeiningum um aukahluti.






Skipt um saumfót



Slökkvið á aðalrofanum.

1. Gætið þess að nálin sé í efstu stöðu. Togið saumfóttinn skáhallt fram á við.
2. Setjið nýja fótinn þannig á fóthölduna að pinninn á saumfætinum sé á mótis við fjöðrina í fóthöldunni.
3. Þrýstið á saumfóttinn þar til hann smellur á sinn stað.





Þrýstingur á saumfót (a)

Hægt er að stilla þrýstinginn á saumfóttinn með skífunni sem er undir lokinu á vélinni. Venjulega stillingin er í kring um svæði merkt 4 og því hærri sem talan er, þeim mun meiri þrýstingur er á efnin. Þrjón og mjúk efni ætti að sauma með minni þrýstingi.

Fótlyftir (b)

Fætinum er lyft og hann lækkaður með fótlyftinum. Fóturinn verður ávallt að vera niðri þegar reynt er að sauma.

Með því að lyfta fætinum í efstu stöðu og þrýsta síðan á fótlyftinn er hægt að auka svæðið undir fætinum um nokkra millimetra til að koma þykkum efnum undir fótinn.





Yfirtvinnaspenna

Notið ávallt þá tvinnaspennu sem mælt er með á skjánum (a). Því hærri sem talan er þeim mun stífari er spennan. Venjulegasta stillingin er í kring um svæði 4.

Þegar verið er að sauma hnappagöt eða skrautsauma ætti tvinnaspennan að vera á svæðinu í kring um 3.

Ef verið er að sauma stungusauma með grófum tvinna þá þarf að hækka spennuna í 7-9.

Tvinnaspennan á Platinum 955E

Tvinnaspennan er sjálfkrafa stillt fyrir valinn saum eða skrautsaumsmyrstur. Þið getið ekki breytt tvinnastillingunni á Platinum 955E með því að reyna að snúa skífunni.


Ath: Reyndið ekki að snúa skífunni á tvinnaspennunni á 955E.

Ef þið þurfið að breyta yfirtvinnaspennunni þegar þið eruð að sauma einhver sértök efni eða nota sérstakan tvinna og/eða tækni, þá snertið þið tvinnastillingarhnappana á aðgerðarskjánum (sjá bls. 35). Ef þið breytið stillingunni, þá verður sú breyting áfram virk í vélinni þar til slökkt hefur verið á henni.

Tvinnastilling á Platinum 775

Notið þá tvinnastillingu sem gefin er upp á upplýsingaskjánum í hverju tilviki.

Þið getið breytt tvinnaspennunni þegar þið vinnið með sértök efni, tvinna eða tækni, með því að snúa númeruðu skífunni á tvinnaspennunni (a).






Rétt og röng tvinnastilling

Til að skilja rétta tvinnaspennu ættuð þið að sauma nokkur zik zak spor og breyta stíllinguni á yfirspennunni í þrepum.

1. Byrjið með tvinnaspennu sem er of lág. Stillið á lægri tölu og þá sjáið þið að undirtvinninn liggur beinn og togar yfirtvinnann niður á rönguna.
2. Ef tvinnaspennan er stillt of hátt þá skeður það gagnstæða og saumurinn rykkist og tvinninn slitnar e.t.v.
3. Rétt tvinnastilling er þegar yfir og undirtvinninn mætast á milli efnanna, nema á skrautsaumum. Þá eiga þeir að mætast rétt við jaðarinn á röngunni.


Saumið nokkra prufusauma á efnisbúta af sama efni og sauma á seinna meir.



Flytjarinn tekinn úr sambandi

Flytjarinn er tekinn úr sambandi með því að snúa snerlinum framan á fríarminum til vinstri ———. Snúið honum til hægri ▲▲▲ þegar setja á hann aftur í samband. Flytjarinn fer þá aftur í samband um leið og byrjað er að sauma. Flytjarinn er tekinn úr sambandi þegar verið er að festa tölur og við fríhendis saumaskap.

Ath: Þegar verið er að sauma út á Platinum 955E, þá er flytjarinn sjálfkrafa tekinn úr sambandi þegar útsaumsáhaldið er tengt við vélina. Þegar það er svo fjarlægt fer flytjarinn aftur sjálfkrafa í samband þegar byrjað er að sauma.



**AÐGERÐIR OG UPPLÝSINGASKJÁR
Á PLATINUM 775**





Aðgerðarhnappar



NÁLIN STÖÐVAST UPPÍ/NIÐRI er notað til að ákvarða hvort nálin stoppar uppi eða niðri þegar vélin stöðvast.

ATH: þegar verið er að sauma, þá er hægt að lækka eða hækka nálarstöðuna með því að rétt snerta fótmótstöðuna.



STOP er notað til að ljúka við ákveðið spor eða saum. Platinum 775 gengur frá tvinnnaendunum og stöðvast sjálfkrafa eftir að hún hefur lokið við ákveðna saumaröð. **STOP** er afturkallað með því að snerta hnappinn á ný eða með því að velja nýjan saum. Þegar **STOP** er virkt þá er það sýnt með tákni á skjánum. Hægt er að forrita stop-aðgerðina.




FIX er notað til að ganga frá tvinnnaendum. Þegar ýtt er á hnappinn kemur tákn á skjáinn. Ef ýtt er aftur á hnappinn er aðgerðin gerð óvirk. Þegar byrjað er að sauma, saumar Platinum 775 nokkur spor til að ganga frá tvinnnaendum og saumar síðan valinn saum. Ýtið aftur á **FIX** hnappinn á meðan saumað er og þá gengur Platinum 775 frá endunum þegar hætt er að sauma. Hægt er að forrita aðgerðina.



Snertið **+ SPEED** eða **- SPEED** til að auka eða minnka saumhraða vélarinnar.



Allir saumar í Platinum 775 eru stilltir á fyrirfram ákveðinn hámarks hraða. Þegar þið veljið ákveðinn saum stillir Platinum 775 sig sjálf á þann hraða sem var ákveðinn fyrir viðkomandi saum.



Ef þið hafið minnkað hraða á ákveðnum saum handvirkt, þá saumar Platinum 775 á þeim hraða þar til slökkt hefur verið á henni.




START/STOP er snert þegar þið viljið að vélin saumi án þess að stigið sé á fótmótstöðuna. Ýtið á **START/STOP** til að byrja að sauma og snertið hann á ný þegar þið viljið hætta.



AFTURÁBAK er snert þegar þið viljið að Platinum 775 saumi afturábak. Þegar hnappnum er sleppt saumar Platinum 775 áfram á ný. Lengsta afturábakspor er 3 mm.

Ef þið viljið af einhverjum ástæðum sauma afturábak í lengri tíma þá snertið þið hnappinn örsnöggt tvisvar sinnum í röð áður en þið byrjið að sauma. Afturábaksaumur er sýndur með tákni á skjánum. Platinum 775 saumar afturábak þar til hnappurinn er snertur á ný.



Aðgerðarskjárinn

Sporlengd

Þegar saumur er valinn stillir Platinum 775 sig sjálfkrafa á hentugustu sporlengd fyrir þann saum sem valinn er. Sporlengdin er sýnd á skjánum fyrir ofan sporlengdarhnappana. Þið getið breytt sporlengdinni með því að ýta annaðhvort á (+) eða (-) hnappinn. Sumir saumar hafa ákveðna hámarks og lágmarks lengd. Hámarks og lágmarks lengdir eru gefnar upp með hljóðmerkjum.

Sporbreidd

Sama gildir um sporbreiddina. Sporbreiddin er einnig sýnd fyrir ofan sporbreiddarhnappana. Hægt er að stilla hana frá 0 og upp í 6 mm. Ef beint spor er valið, þá eru sporbreiddarhnapparnir notaðir til að færa nálina til og velja hentugustu sporleguna. Sumir saumar eru með takmarkaða sporbreidd. Hámarks og lágmarks sporbreiddir eru gefnar til kynna með hljóðmerkjum.

Tvíburanálur

Þegar ýtt er á þennan hnapp, koma spretiskilaboð á skjáinn, sem minna ykkur á að stilla nálar millibilið á tvíburanálinni. Stillið það með því að ýta á valhnappana. Táknið um tvíburanál kemur fram í vinstra efra horni skjásins. Snertið hnappinn á ný til að sjá þá stillingu sem stilt var á.

Sporbreiddin er sjálfkrafa stillt þannig að hún henti tvíburanálunum. Sú stilling er virk þar til aðgerðin fyrir tvíburanálarnar er afturkölluð.

Aðgerðin fyrir tvíburanálarnar er virk þar til hún er afturkölluð, jafnvel þótt slökkt verði á Platinum 775. Snertið hnappinn fyrir tvíburanálarnar og stillið gildið á “0” til að slökva á aðgerðinni.

Hliðarspeglun


Ýtið á þennan hnapp þegar þið viljið spegla ákveðið mynstur hliðarspeglun. Ef ýtt er á þennan hnapp þegar stillt er á beint spor með vinstri nálarstöðu, þá breytist nálarlegan frá vinstri yfir til hægri. Ef þessi hnappur er snertur í rep, þá snýst öll mynstur-röðin við (sjá bls. 31).

Ef reynt er að spegla mynstur sem ekki er hægt að spegla þá gefur Platinum 775 frá sér hljóðmerki.

Endaspeglun

Ýtið á þennan hnapp til að spegla valið mynstur enda í enda. Ef þetta er gert í rep, speglast öll mynsturröðin (sjá bls. 31). Ef stop hefur verið forritað í lok saumaradarinnar, þá fer það á byrjun radarinnar þegar hún er spegluð.

Ef reynt er að spegla mynstur sem ekki er hægt að spegla þá gefur Platinum 775 frá sér hljóðmerki.



FUNC

FUNC Ýtið á þennan hnapp til að fletta á milli aðgerða í Platinum 775. Um er að ræða þrjár mismunandi aðgerðir, **NORM**, **PROG** og **REP**. **NORM** aðgerðin (venjulegur saumaskapur) er alltaf virk þegar kveikt er á vélinni. Ýtið einu sinni á takkann til að fara yfir í forritunar aðgerðina **PROG** (notuð við forritun), snertið hann aftur til að fara yfir í **REP** aðgerðina, sem er notuð til að sauma forritaðar mynsturraðir. Snertið hnappinn á ný til að fara aftur yfir í **NORM** aðgerðina. Virk aðgerð er sýnd á skjánum.



Valhnappar

Þessir hnappar eru notaðir til að fara áfram eða til baka í ákveðinni forritaðri mynstur-röð, þegar verið er að stilla breiddina fyrir tvíburanál, þegar verið er að stilla stærð á hnappagati eða jafnvægi í þeim.

M

Minni

Platinum 775 er með fjögur mismunandi minni, þar sem hægt er að vista forritaða sauma. Í hverju minni er hægt að vista allt að 55 sauma eða stafi, og takkarnir eru notaðir til að fletta á milli minnanna í **PROG** eða **REP**. Viðkomandi númer á minni er sýnt í neðra hægra horni skjásins.

CLR

CLR

Ýtið á þennan hnapp í **PROG** aðgerð til að eyða öllu eða hluta af mynstri eða mynstur-röð (sjá bls. 31). Þegar búið er að eyða mynstri í minni, sýnir skjárinn sporlengdina og sporbreiddina sem 0.0 á skjánum.

CLR

CLR – Language

Með þessum hnapp er einnig hægt að stilla Platinum 775 á það tungumál (**LANGUAGE**) sem nota á. Allar vélarnar eru fyrirfram stilltar á ensku. Til að breyta um tungumál snertið þið **CLR** um leið og þið kveikið á vélinni. Síðan getið þið flett á milli tungumála með því að ýta á valhnappana. Ýtið á **M** til að staðfesta val ykkar.

Valmyndir fyrir sauma

Á Platinum 775 eru þrjár mismunandi valmyndir:



Saumar



Stafróf



Undirvalmynd fyrir stafróf

Tákn í efra hægra horni skjásins sýnir viðkomandi valmynd.

Lesið nánar um val á mismunandi saumum á næstu blaðsíðum.



Val á saum

Á Platinum 775 eru þrjár mismunandi valmyndir: saumar, stafróf og undirvalmynd fyrir stafróf.




Nytja og skrautsaumar

Platinum 775 er með 35 nytjasauma (valmynd 1) og 105 skrautsauma (valmyndir 2-4). Nytjasaumarnir eru sýnilegir á skjánum, en skrautsaumarnir eru sýndir innan á loki vélarinnar.

Snertið hnapp fyrir saumavalmynd til að opna sprettiglugga á skjánum, sem sýnir mismunandi undirvalmyndir. Flettið á milli undirvalmyndanna með því að snerta hnappana. Sú valmynd sem er virk er með ramma í kring á skjánum.

Snertið einn af saumahnöppunum til að velja saum. Sprettiglugginn lokast og valinn saumur er nú sýndur á skjánum. Þegar saumur er t.d. sýndur sem 1:02 á skjánum eða í leiðarvísi, þá þýðir 1 saumavalmyndina og 02 valinn saum úr þeirri valmynd. Einnig þýðir t.d. 4:20 að um sé að ræða saum númer 20 úr valmynd númer 4.

Platinum 775 velur sjálf hentugasta hraða, sporlengd og sporbreidd. Einnig sýnir hún ráðlagðan saumfót, þrýsting á saumfót, tvinnaspennu og nálarategund á skjánum. Stíllið Platinum 775 í samræmi við þessar ráðleggingar.





Stafróf

Platinum 775 er með tvö mismunandi stafróf - útlínu blokkstafi og skrifstafi. Útlínu-blokk stafirnir er sjálfgefið stafróf.

Snertið valmyndina fyrir stafróf, og upp kemur sprettluggi sem sýnir mismunandi stafróf. Snertið hnappinn á ný til að fletta á milli stafrófanna. Valið stafróf er sýnt með ramma í kring á skjánum.

Snertið staf (sýndur í rauðu á saumavallhöppunum) til að staðfesta valið. Stafirnir koma á skjáinn sem hástafir.

Undirvalmynd fyrir stafróf

Þegar ýtt er á hnappinn fyrir undirvalmynd fyrir stafróf, kemur sprettluggi á skjáinn. Hægt er að velja á milli hástafa, lágstafa, eða tölustafa/sérstakra stafa með því að snerta viðkomandi hnapp á undirvalmyndinni. Valið stafróf er sýnt með ramma í kring á skjánum.

Um leið og stafur er valinn breytist skjárinn og viðkomandi stafur er sýndur ásamt ráðlögðum stillingum.

Ath: Ef ýtt er á hnapp í undirvalmynd fyrir stafróf áður en viðkomandi stafróf er valið, þá kemur síðast valda stafrófið eða sjálfgefna stafrófið (útlínu-blokk) sem virkt stafróf.




Valið stafróf og undirvalmynd stafrófs eru sýnd í efra hægra horni skjásins.

ABC abc

Útlínu-blokk stafróf

ABC abc

Skrifstafir



Hástafir og lágstafir

Tölustafir/ Sérstakir stafir





Rússneskt eða Japanskt stafróf


Platinum 775 er einnig með Rússneskt og Japanskt stafróf. Þegar annaðhvort þeirra er valið koma þau í stað stafrófs fyrir skrifstafi. Þessi tungumál eru frábrugðin latnesku stöfunum sem sýndir eru á hnöppunum:

Rússneska stafrófið byrjar í efra vinstra horninu á hnappnum sem merktur er A, og heldur síðan áfram frá vinstri til hægri niður á við röð eftir röð.

Japanska stafrófið byrjar hins vegar í efra hægri horninu, á hnappnum sem merktur er G og heldur síðan áfram ofan frá og niður á við og færist til vinstri röð eftir röð.


Hér fyrir neðan eru breytitölur fyrir þessi tungumál.

Rússneska



A	a	1
A	a	1
Б	б	2
В	в	3
Г	г	4
Д	д	5
Е	е	6
Ж	ж	7
З	з	8
И	и	9
Й	й	10
К	к	11
Л	л	12
М	м	13
Н	н	14
О	о	15
П	п	16
Р	р	17
С	с	18
Т	т	19

Japanska



A	a	1
あ	ま	7
い	み	14
う	む	21
え	め	28
お	も	35
か	や	6
き	ゆ	13
く	よ	20
け	ら	27
こ	り	34
さ	る	5
し	れ	12
す	ろ	19
せ	わ	26
そ	を	33
た	ん	4
ち	や	11
つ	ゆ	18
て	よ	25



Saumráðgjafi

Platinum 775 er með hinn frábæra Husqvarna saumráðgjafa. Hann er alltaf virkur og er staðsettur neðst á skjánum. Þegar þið atlið að byrja á einhverju verkefni, byrjið á því að snerta slötinn sem sýnir efnið sem þið atlið að sauma og grófleika þess. Snertid síðan þá saumataekni sem þið atlið að nota t.d. sauma saman efni, sauma út o.s.frv.

Saumráðgjafinn kemur upp með bentugasta saum, sporlengd, sporbreidd og saumbraða fyrir valið verkefni. Vélín gefur ykkur einnig ráð um twin-naspennu, þrýsting á saumfót og bentugasta saumfótinn fyrir verkefnið.



Val á efni

Ofið eða prjónað


Munurinn á ofnum efnum og prjónuðum er hvernig þræðirnir í þeim eru fléttaðir saman. Ofin efni eru búin til úr tveimur þráðum sem eru ofnir saman langsum og þversum. Prjónuð efni eru hins vegar búin til úr einum þræði sem fléttað saman á ákveðinn hátt. Prjónuð efni eru einnig oftast nær teygjanleg.

Hafið það sem almenna reglu að velja ofin efni fyrir stöðug efni en “stretch” fyrir öll efni sem teygjast.

- A OFIN ÞUNN:** chiffon, organza, batist, silki, ull o.s.frv.
- B OFIN MEÐAL:** prentuð baðmullarefni, búta-saumsefni, ullarkrep, skyrtuefni o.s.frv.
- C OFIN GRÓF:** denim gallabuxnaefni, þykk ullar og kápuefni, segldúkur o.s.frv.
- D STRETCH ÞUNN:** nylon, einfalt prjónajersey o.s.frv.
- E STRETCH MEÐAL:** tvöfalt prjón, velúr, pluss, sundfataefni o.s.frv.
- F STRETCH GRÓF:** gróft prjón, flís o.s.frv.



Ofin efni



Prjónuð efni






Leður/Plastefni

Leður er húð af dýrum og getur bæði verið mjúkt, hart, teygjanlegt eða stíft.

Plastefni er yfirleitt með vefnað á röngunni, er til í ýmsum útgáfum og getur einnig verið teygjanlegt.



LEÐUR/PLASTEFNI: fyrir rúskinn eða gervirúskinn.



Leður



Plastefni



Mismunandi saumataekni



SAUMUR: til að sauma saman tvö efni.



KASTSAUMUR: til að kasta jaðra á efnum til að koma í veg fyrir að þeir trosni eða til að þeir verði sléttir.



SAUMUR/KASTSAUMUR: saumar sauminn og kastar jaðarinn í einum saum.



ÞRÆÐING: þræðing eða bráðabirgðasaurmur til að máta flíkur, fyrir rykkingar og merkingar.



BLINDFALDUR: hann er eingöngu ráðlagður á meðalþykk efni. Platinum 775 velur hentugasta sauminn.



FALDAR: og vélin velur hentugasta sauminn fyrir efnið sem þið veljið.



HNAPPAGÖT: og saumráðgjafinn velur hentugasta hnappagatið fyrir efnið sem þið hafið valið.

Ath: Ef valin saumataekni hentar ekki fyrir það efni og/ eða þann grófleika af efni (t.d. blindfaldur á þunnt efni) þá gefur Platinum 775 frá sér hljóðmerki.



Hvernig á að nota saumráðgjafann

Ofin meðal efni er sjálfgefin stilling á saumráðgjafanum þar til annað efni hefur verið valið. Síðast valda efnið er alltaf virkt og geymt í minni vélarinnar jafnvel þótt slökkt sé á henni.





Þegar þið snertið hnapp fyrir efni, kemur sprettigluggi og sýnir valda efnið.

Ef þið eruð að nota Platinum 775 í fyrsta skipti eða ef saumur hefur verið valinn með saumavaltökkunum, þá kemur textinn “Sewing technique” (saumatekni) á skjáinn. Ef engin saumatekni hefur verið valin fer vélin yfir á síðustu tækni sem notuð var. Valið efni er gefið til kynna innan táknsins fyrir **SAUMARÁÐGJAFANN** í efra hægra horni skjásins.

Ef saumatekni er valin, þá er síðast valda efni (eða sjálfgefna efnið) og valin saumatekni sýnd í sprettiglugga á skjánum.

Textinn er sýndur eins lengi og hnappnum er haldið og í nokkrar sekúndur eftir að honum er sleppt. Þá getið þið séð valinn saum og ráðleggingar sem honum fylgja.


Stillingar sem gerðar eru í **SAUMARÁÐGJAFANUM** eru alltaf sýnilegar í efra hægra horni skjásins. Bókstafurinn gefur efnið til kynna og tölustafurinn saumateknina. Ef annað spor en það sem mælt er með í **SAUMARÁÐGJAFANUM** er valið, þá verður valda efnið áfram en Platinum 775 yfirgefur aðgerðina fyrir saumráðgjafann.





Tákn á upplýsingaskjánum

Á upplýsingaskjánum er alltaf að finna tákn sem gefa ykkur upplýsingar sem þið þurfið á að halda til að ná sem bestum árangri. Sum tákn eru alltaf virk og sum koma eingöngu fram við sértakar aðstæður. Táknunum er lýst hér að neðan.



Almenn tákn

1. **NÁLARTEGUND:** sýnir grófleika nálar og tegund, hvort venjuleg nál eða tvíburanál hafi verið valin, og hvort nálin stöðvast uppi eða niðri.
2. Sýnir stilltan **HRAÐA (SPEED)**.
3. Sýnir hvort **STOP** aðgerð hafi verið valin.
4. Sýnir hvort **FIX** aðgerð hafi verið valin.
5. Sýnir **SPORLENGDINA (STITCH LENGTH)**.
6. Sýnir **SPORBREIDDINA (STITCH WIDTH)**.
7. Gefur til kynna hvort **AFTURÁBAK** sé virkt.
8. Sýnir ráðlagðan **SAUMFÓT** og **ÞRÝSTING Á SAUMFÓT**.
9. Sýnir ráðlagða **TVINNASPENNU**.
10. Sýnir **VALINN SAUM**.
11. Gefur til kynna hvort nota eigi **UNDIRLEGG (STABILIZER)**.
12. Gefur til kynna virka **SAUMAADGERÐ (SEWING MODE)**.

13. Upplýsingar um sauma

1:10 A-2 SAUMARÁÐGJAFI

Valið efni (bókstafur) og saumatakni (tölustafur) eru sýnd við hliðina á tákninu fyrir saumavélina. Einnig er saumurinn sem saumráðgjafinn mælir með sjáanlegur vinstra megin við táknid fyrir saumráðgjafann.

1:02 A VALHNAPPAR FYRIR VAL Á SAUMUM

Þegar saumur er valinn með einum af valhnöppunum fyrir sauma, þá kemur valmyndin og saumurinn á skjáinn með efninu sem einnig var valið.


A A... B BÓKSTAFIR

Þegar bókstafur er valinn, þá kemur valmyndin fyrir stafróf og undirvalmynd fyrir stafróf á skjáinn ásamt efninu sem var valið.



Tákn fyrir forritun


14. **PROG** eða **REP** eru sýnd hér og gefa til kynna hvort þið eruð í forritunaraðgerð eða í REP endurtekningaraðgerð til að sauma það sem þið hafið forritað eða valið.
15. Númer gefur til kynna **VIRKT MINNI**.




14. 15.

Tákn fyrir hnappagöt

16. **CORD** setjið undirleggsþráð undir hnappagatið.
 17. Notið **HNAPPAGATAFÓTINN MED NEMANUM (SENSOR BUTTONHOLE FOOT)**.
 18. Gefur **SAUMAÁTT (SEWING DIRECTION)** til kynna og hvaða hluta hnappagatsins þið eruð að sauma.
 19. Snertið **AFTURÁBAK (REVERSE)** til að ákvarða stærð hnappagatsins.
- Þegar hnappagatafóturinn með nemanum er notaður.*
20. Gefa örvar til kynna að báðir leggir hnappagatsins séu **SAUMAÐIR Í SÖMU ÁTTINA** (á aðeins við flatsaumshnappagöt).
 21. Stillið **TÖLUSTÆRÐ (BUTTON SIZE)**, með því að snerta örvarnar.



17. 16. 18. 19.



20. 21.

Tákn fyrir mjókkun og breikkun á flatsaum (Tapering)

22. Bendill gefur til kynna hvaða **HLUTA BREIKKUNAR EÐA MJÓKKUNAR** sé verið að sauma.
23. Snertið **AFTURÁBAK (REVERSE)** til að sauma mjókkandi oddinn.



22. 23.



Forritun

Með Platinum 775 er hægt að forrita sauma og stafi í saumaraðir. Vistið forritaða saumaröðina í minni vélarinnar. Saumaröð sem er vistuð í minni vélarinnar er geymd þar og hægt að ná í hana hvenær sem er.

PROG aðgerð

Saumráðgjafinn er ekki virkur þegar verið er að forrita. Snertið **FUNC** til að gera **PROG** aðgerðina virka.

M Minnir

Snertið **M** til að velja minni. Stafurinn M og númerið sem er á eftir gefa til kynna virkt minni. Í vélinni eru 4 mismunandi minni (M01 til M04). Hvert minni getur geymt allt að 55 sauma, sem þýðir að þið getið forritað allt að 220 sauma og/eða stafi.

Þegar þið gerið **PROG** virkt þá verður síðast notaða minnið virkt. Til að vista saumaröð í öðru minni en því virka, veljið þið númer minnisins fyrst áður en þið byrjið að forrita sauma. Forritaða röðin verður sjálfkrafa vistuð í minninu.

Færið bendilinn

Bendillinn á skjánum er fyrir neðan virka svæðið á forritunarflötinum. Notið valhnappana til að færa bendilinn til hliðar.

Saumum eða forriti eytt

Ef saumaröð með saumum eða stöfum er í því minni sem kemur á skjáinn á forritunarflötinn, þá getið þið snert **CLR** til að hreinsa minnið og eyða úr því. Ef þið viljið gera eytt mynstur aftur virkt, þá getið þið ýtt aftur á **CLR** áður en þið veljið nýja sauma.



A/a/1

Ath: Þegar verið er að forrita er m.a. möguleiki á að minnka bilið á milli



tveggja bókstafa. Snertið **<** þegar valmyndin fyrir tölustafina / sérstöku stafina er virk, til að forrita stutt afturábakspor. Þeim mun fleiri afturábak sem þið forritið þeim mun styttra bil verður yfir að næsta staf sem þið veljið.



Ath: Hægt er að forrita bæði stop og fix aðgerðirnar. Stop aðgerðin er forrituð þegar þið viljið sauma aðeins einu sinni ákveðna röð. Fix aðgerðina er hægt að forrita ef þið viljið ganga frá endunum í lok eða byrjun saumanna í ákveðinni saumaröð.





Saumar og stafir forritaðir

Til að forrita saumaröðina sem hér er sýnd:

- Snertið þið **FUNC** til að gera **PROG** virkt.
- Veljið saumavalmynd 4.
- Veljið saum 4:20. Hann kemur á skjáinn.

Bendillinn færir sjálfkrafa á næsta stað og vélin er tilbúin að taka á móti næsta saum eða staf, eða taka á móti stillingum fyrir þann sem var settur inn síðast.

- Snertið  til að spegla sporið enda í enda.

Til að forrita “E” í hástaf, veljið þið útlínu-blokkar stafrófið úr valmyndinni fyrir stafrófin.

- Veljið “E”. “E” kemur á skjáinn við hliðina á tiskusauminn.

Til að forrita “rika” í lágstöfum, veljið þið lágstafina í undirvalmyndinni fyrir stafrófin. Þegar undirvalmyndin fyrir lágstafina er gerð virk, þá kemur **a..** á skjáinn við hliðina á tákninu fyrir stafrófin.

- Snertið **r**, og stafurinn kemur á skjáinn og bendillinn færir á næsta stað. Haldið áfram og veljið stafina **i**, **k**, og **a**.

Veljið saumavalmynd 4 til að forrita síðasta tiskusauminn.

- Veljið saum 4:20 og hann kemur á skjáinn.

Snertið  aðgerðarhnappinn á vélinni til að setja inn stop til að sauma þessa röð aðeins einu sinni.






Saum eða staf breytt eða bætt við

Hægt er að breyta hvaða saum sem er í **PROG** þegar bendillinn er staðsettur fyrir neðan sauminn. Veljið einfaldlega rétta sauminn eða stafinn til að setja annan saum inn í staðinn.

Til að bæta inn saum eða staf í **PROG**, færið þið bendilinn á þann stað sem er á eftir þeim saum sem þið viljið bæta saum inn í. Snertið **CLR**. Veljið sauminn sem þið viljið bæta inn í. Snertið **CLR** til að ná í afganginn af saumaröðinni á ný.



Breyta stillingum á saumum í forritaðri saumaröð

Ef þið viljið breyta stillingum á sporum í forritaðri saumaröð þá staðsetjið þið bendilinn fyrir neðan þann saum sem á að breyta. Síðasta saum í forritaðri saumaröð er hægt að breyta jafnvel þótt bendillinn sé fyrir aftan hann. Þið getið breytt sporlengdinni, sporbreiddinni eða speglað sauminn eða stafinn.


Breytingarnar verða sjálfkrafa vistaðar í minni vélarinnar.

Saumið forrituðu saumaröðina

Ef þið viljið sauma saumaröðina strax, snertið þið **FUNC** til að gera **REP** aðgerðina virka. Mælt er með saumfæti B. Ef stop hefur verið forritað í saumaröðina er það sýnt með viðkomandi tákni.

Ef þið hafið forritað saumaröð sem er of löng til að hún sjáist á skjánum, getið þið farið yfir hana með því að fara fram og til baka í röðinni með því að nota örvarhnapana.

Saumið forritaða röðina á efni og hafið undirlegg undir því.



Breyting á allri saumaröðinni

Í **REP** aðgerð getið þið stillt sporlengdina, sporbreiddina eða speglað alla röðina. Þær breytingar verða ekki vistaðar í minninu.

**AÐGERÐIR OG SKJÁRINN Á
PLATINUM 955E**





Aðgerðarhnappar



NÁLIN STOPPAR UPPÍ/NIÐRI er notað til að færa nálina upp eða niður eða ákvarða hvar hún eigi að vera þegar vélin stöðvast.

ATH: Einnig er hægt að lækka eða setja nálina í efstu stöðu með því að rétt koma við fótmótstöðuna.



STOP er notað til að ljúka við saum. Platinum 955E gengur þá frá endunum og stöðvast sjálfkrafa þegar vélin hefur lokið við ákveðinn saum eða saumaröð. **STOP** er afturkallað með því að snerta hnappinn á ný eða með því að velja nýjan saum. Þegar **STOP** er virkt kemur tákn á skjáinn. Hægt er að forrita stop aðgerðina.

Þegar verið er að sauma út, þá er **STOP** snert til að hætta við litaskipti (sjá bls. 53).




FIX er notað til að ganga frá tvinnaendum í lok saums. Þegar hnappurinn er snertur kemur tákn á skjáinn. Með því að snerta hann á ný er aðgerðin afturkölluð. Þegar vélin byrjar að sauma þá saumar Platinum 955E fyrst nokkur heftispor til að ganga frá tvinnaendum og heldur síðan áfram að sauma valinn saum. Snertið **FIX** á meðan saumað er og þá gengur Platinum 955E einnig frá endunum í lok saumsins og stöðvast síðan sjálfkrafa. Þegar verið er að sauma út snertið þið **FIX** til að sauma þræðispor í kring um útsaumssvæðið (sjá bls. 53).



Snertið **+ SPEED** eða **- SPEED** til að auka eða minnka saumhraðann.



Allir saumar eru með fyrirfram ákveðinn hraða. Þegar þið veljið saum þá stillir Platinum 955E sig sjálfkrafa á réttan saumhraða.



Ef þið hafið lækkað hraðann handvirkt, þá verður sú breyting áfram í vélinni og gildir fyrir alla sauma þar til slökkt verður á Platinum 955E vélinni. Einnig er hægt að breyta hraðanum þegar verið er að sauma út (sjá bs. 53).



START/STOP er snert þegar þið viljið láta vélina ganga án þess að stíga á fótmótstöðuna. Snertið **START/STOP** í byrjun og svo aftur þegar þið viljið stöðva vélina.

ATH: Þið getið einnig látið vélina byrja og stöðvast með því að nota fótmótstöðuna.



AFTURÁBAKSAUMUR þið ýtið á þennan hnapp til að sauma afturábak. Þegar hnappnum er sleppt saumar vélin áfram á ný. Lengsta afturábakspor er 3mm.

Ef þið af einhverjum ástæðum viljið sauma afturábak í lengri tíma er hægt að snerta hnappinn tvisvar sinnum snöggt áður en byrjað er að sauma. Afturábaksaumur er sýndur með tákni á skjánum.

Platinum 955E saumar afturábak þar til þið snertið hnappinn á ný.



Aðgerðarskjárninn

Sporlengd

Þegar saumur er valinn stillir vélin sig sjálfkrafa á hentugustu sporlengd fyrir þann saum sem valinn er. Sporlengdin er sýnd á skjánum fyrir ofan sporlengdar-takkana. Þið getið breytt sporlengdinni með því að ýta annaðhvort á (+) eða (-) hnappana. Lágmarks og hámarks sporlengd eru gefin til kynna með hljóðmerkjum.

Þessir hnappar eru einnig notaðir til að ákvarða tölustærð þegar hnappagatafó-turinn með nemanum er notaður.

Sporbreidd

Sama gildir um sporbreiddina. Sporbrei-ddin er einnig sýnd fyrir ofan sporbrei-ddarhnappana. Hægt er að stilla hana frá 0 og upp í 6mm. Ef beint spor er valið eru sporbreiddarhnapparnir notaðir til að færa nálarstöðuna til í fætinum (25 mismunandi stillingar). Lágmarks og hámarks sporbreidd er einnig gefin til kynna með hljóðmerkjum.

Yfirtvinnaspenna

Stillið yfirtvinnaspennuna með því að snerta (+) eða (-). Snerillinn á yfirtvin-naspennunni sýnir stillinguna. Því hærri sem talan er þeim mun stífari er spennan á yfirtvinnanum. Stillingin helst þar til slökkt er á vélinni.

ATH: Reyndið ekki að snúa snerlinum á tvin-naspennunni með hendinni.

Hliðarspeglun

Snertið þennan hnapp þegar þið viljið spegla ákveðið mynstur hliðarspeglun. Ef ýtt er á þennan hnapp þegar stillt er á beint spor með vinstri nálarlegu, þá breytist nálarlegan frá vinstri yfir til hægri. Ef þessi hnappur er snertur í rep, þá snýst öll mynsturröðin við.

Þegar **HLIÐARSGEGLUN (MIRROR SIDE TO SIDE)** er virk þá er það sýnt með tákni á skjánum.

Ef reynt er að spegla mynstur sem ekki er hægt að spegla þá gefur Platinum 955E frá sér hljóðmerki.



FUNC

Snertið þennan hnapp til að fletta á milli aðgerða í Platinum 955E. Um er að ræða þrjár mismunandi aðgerðir, **NORM**, **PROG** og **REP**. **NORM** aðgerðin (venjulegur saumaskapur) er alltaf virk þegar kveikt er á vélinni. Snertið hnappinn einu sinni til að fara yfir í **PROG** aðgerð (notuð við forritun), snertið hann aftur til að fara yfir í **REP** (endurtekningar) aðgerðina, sem notuð er til að sauma forritaðar mynsturraðir. Snertið hann á ný til að fara aftur yfir í **NORM** aðgerðina. Virk aðgerð er alltaf sýnd á skjánum.

Örvarhnappar

Þessir hnappar eru notaðir til að fara áfram eða til baka í ákveðinni forritaðri mynsturröð.

M Minni

Platinum 955E er með fjögur mismunandi minni þar sem hægt er að geyma forrituð mynstur. Hvert minni getur geymt allt að 30 sauma eða stafi og hnapparnir eru notaðir til að fletta á milli minnanna í **PROG** eða **REP**. Viðkomandi númer á minni er sýnt í hægra horni skjásins.

CLR

Snertið þennan hnapp í **PROG** aðgerð til að eyða öllu eða hluta af mynstri eða mynsturröð. Þegar búið er að eyða mynstri í minni, hverfur númer þess af skjánum.

Þegar verið er að sauma hnappagöt með hnappagatafætinum með nemanum, er **CLR** notað til að skipta sporlengdartökku- num $-/+$ á milli tölustærðar og sporlengdarstillinga.

Valmyndir fyrir sauma

Platinum 955E er með tvær aðalvalmyndir:

Saumar

Stafróf

Í efra hægra horni skjásins er virk valmynd sýnd.



Saumar valdir



Nytja- og skrautsaumar

Þegar þið snertið hnappinn fyrir valmyndirnar, þá er valmyndin fyrir nytja og skrautsaumana (fyrsta röðin innan á lokinu) valin.

Platinum 955E er með 35 sauma og þeir eru allir sýndir innan á loki vélarinnar. Hver saumur hefur sitt númer sem notað er til að velja sauminn.


Tíu mest notuðu saumarnir eru sýndir á valtökku-num fyrir saumana. Snertið viðkomandi mynd til að velja sauminn og notið síðan númerin á tökku-num 1 til 10 til að velja sauma 10-35.

Til að velja sauma 10-35, snertið þið þá takka sem eru með viðkomandi númerum. Til að velja saum 12, tengisaum, snertið þið fyrst hnapp með númerinu 1 og síðan strax á eftir hnapp með númerinu 2.

Númerið á saum 12 kemur á skjáinn í neðra hægra horni skjásins til að staðfesta valið.

Platinum 955E stillir sig sjálf á fyrirfram ákveðinn réttan hraða, sporlengd, sporbreidd, og tvínaspennu fyrir valinn saum. Ráðlagður saumfótur er einnig sýndur á skjánum.

Þegar kveikt er á Platinum 955E, er beint spor ávallt sjálfgefinn saumur.



Snertið saumvalhnappa 1 og 2 til að velja tengisaum númer 12.



Stafróf

Platinum 955E er með innbyggt útlínu blokk stafróf. Stafi í hástöfum, lágstöfum og tölustafi/sérstaka stafi.

Allir stafirnir eru sýnilegir innan á loki vélarinnar, og hver stafur hefur sitt númer til að velja þá. Númerið er sýnt fyrir ofan viðkomandi staf.


Flettið á milli valmyndanna þriggja með því að snerta . Virk valmynd er sýnd á skjánum.

“**A..**” gefur til kynna að hástafir séu valdir, “**a..**” að lágstafir séu valdir og “**1..**” er fyrir tölustafi/sérstaka stafi.



Stafur er valinn með því að snerta viðkomandi númer á sauma valhnöppunum. Til dæmis til að velja stórt “P”:

- Snertið  þar til “**A..**” er sýnilegt á skjánum.
- Snertið  og síðan , því stafurinn A er númer 16.
- “**A..**” er sýnt á skjánum og númerið 16 kemur í neðra hægra horn skjásins.

Platinum 955E stillir sig sjálf á fyrirfram ákveðna sporlengd og sporbreidd, saumhraða og tvinnaspennu. Á skjáinn kemur einnig ráðlegging um ráðlagðan saumfót.



Útlínu blokk stafróf



Hástafir



Lágstafir




Tölustafir og Sérstakir stafir



Tákn á skjánum

Á skjánum eru alltaf til staðar tákn sem gefa ykkur upplýsingar þannig að þið getið náð sem bestum árangri. Sum tákn eru alltaf virk, önnur koma bara við sérstakar aðstæður. Táknin sem eru sýnileg á skjánum eru:



Almenn tákn

1. Til að stilla **HRAÐANN (SPEED)** er sýnt hér.
2. Gefur til kynna hvort **NÁLIN STÖÐVAST** uppi eða niðri.
3. Gefur til kynna að **HLIÐARSPEGLUN** sé virk.
4. Ráðlagður **SAUMFÓTUR** er sýndur hér.
5. Gefur til kynna að **STOP** aðgerð sé virk.
6. Gefur til kynna að **FIX** aðgerð sé virk.
7. Sýnir virka **SAUMAADGERÐ**.
8. Yfirlitssluggi
Sýnir hvaða valmynd er virk, sauma eða einhverja af stafrófs valmyndunum.
9. Valið **NÚMER** saums er sýnt hér.
10. Stillt **SAUMBREIDD** er sýnd hér.
11. Gefur til kynna að **AFTURÁBAK** sé virkt.
Fyrir ístopp (saumur 15), mjókkandi/breikkandi sauma (númer 16) eða þegar verið er að sauma hnappagöt þrep fyrir þrep, þá gefur blikkandi tákn merki um að þið þurfið að ýta á **AFTURÁBAK** til að breyta um saumaátt.
12. Stillt **SPORLENGD** er sýnd hér.



SAUMAVALMYND



HÁSTAFIR



LÁGSTAFIR




TÖLUSTAFIR/SÉRSTAKIR STAFIR



Tákn fyrir forritun

13. **PROG** eða **REP** eru sýnd hér og sýna hvort þið eruð í forritunaraðgerð eða endurtekningaraðgerð til að sauma forritin ykkar.
14. Númer sem sýnir **VIRKT MINNI** er sýnt hér.
15. **FORRITAÐUR SAUMUR** er sýndur hér.




Tákn fyrir hnappagöt

Þegar hnappagatafóturinn með nemanum er tengdur við vélina.

16. Gefur til kynna að hnappagatafóturinn með nemanum sé tengdur. Ef táknið blikkar þá þarf að láta hvíta flötinn á hjólinu vera á móts við hvíta strikið á fætinum.
17. Stillið **TÖLUSTÆRÐ**, með því að snerta sporlengdartakkana (+) eða (-). Með því að snerta **CLR**, getið þið skipt á milli stillingar á stærð hnappagatsins og þéttleika þess.

Þegar hnappagatafóturinn með nemanum er ekki tengdur við vélina.

18. Þegar verið er að sauma hnappagöt þrep fyrir þrep, þýðir blikkandi tákn að þið þurfið að ýta á **AFTURÁBAK** til að breyta um saumaátt.





Forritun

Með *Platinum 955E* er hægt að forrita sauma og stafi í saumaröðir. Vistið forritaða saumaröð í minni vélarinnar. Forritaða saumaröð er hægt að geyma eins lengi í minninu og óskað er.

PROG aðgerð

Snertið **FUNC** til að gera **PROG** aðgerðina virka.

M Minnin

Snertið **M** til að velja minni. Stafurinn “M” og númerið sem er á eftir honum gefur virkt minni til kynna. Um er að ræða fjögur mismunandi minni (M1 til M4). Hvert minni getur geymt allt að 30 sauma, sem þýðir að þið getið forritað og vistað allt að 120 sauma og/eða stafi.

Þegar þið gerið **PROG** virkt, birtist minnið sem var notað síðast. Til að vista forritun í öðru minni, veljið þið það með því að velja númer þess fyrst, áður en þið byrjið að forrita saumana. Saumaröðin vistast nú sjálfkrafa um leið og þið stimplið saumana inn í vélina.

Farið á milli forritaðra sauma

Notið hægri örvarhnappinn til að fara yfir á autt svæði ef þið viljið bæta nýjum saum við.

Notið örvarhnappana einnig til að fara á milli forritaðra sauma til að sjá hvað þið hafið forritað. Á skjánum sjáið þið númer þess saums sem settur var í saumaröðina.



Eyða saumum eða saumaröð

Ef þið eruð með sauma eða saumaröð í minni, þá snertið þið **CLR** til að eyða henni úr minninu. Minnið er þá hreinsað frá þeim stað sem þið eruð stödd og að endanum á viðkomandi mynstri eða mynsturröð. Til að hlaða mynstur inn aftur sem þið voruð að eyða er hægt að snerta **CLR** á ný áður en þið setjið inn nýja sauma eða áður en þið snertið örvarhnappana.

ATH: Þegar þið forritið stafi, þá er möguleiki að minnka fjarlægðina á milli stafanna. Veljið **◀** (saumur 34) þegar einhver af undirvalmyndum stafrófanna er virk, til að forrita örstutt afturábakspor. Því fleiri afturábakspor sem eru forrituð þeim mun minna bil verður á milli stafanna.

ATH: Sauma 15-19 er ekki hægt að nota við forritun. Ef reynt er að nota þá í forritun þá gefur vélín frá sér hljóðmerki og númer saumsins blikkar á skjánum. Veljið annan saum í staðinn.



Forritun á saumum og stöfum

Til að forrita saumaröðina sem hér er sýnd:

- Snertið þið **FUNC** til að velja **PROG**.
- Veljið saum 31. Númerið kemur á skjáinn.

Þegar þið forritið saumaröð þurfið þið alltaf að færa ykkur áfram með hægri örvarhnappnum til að setja inn næsta saum. Annars myndi saumurinn eða stafurinn sem þið ætlið að setja inn bara koma í staðinn fyrir þann sem þið eruð stödd á.

Til að forrita “E” í hástaf snertið þið stafrófsvalmyndina einu sinni og “A..” kemur á skjáinn.

- Veljið nú spor 5 (E). Númerið 5 kemur í neðra hægri horni skjásins. Færið ykkur áfram með hægri örvarhnappnum.

Til að forrita “rika” í lágstöfum veljið þið lágstafi með valhnappnum fyrir stafróf. Þegar það er orðið virkt kemur **a..** á skjáinn.






- Veljið spor 18 (r), og númerið 18 kemur á skjáinn. Færið ykkur áfram með hægri örvarhnappnum og haldið áfram að setja inn stafina: 9 (i), 11 (k), og 1 (a) á sama hátt.

Snertið síðan valmyndina fyrir sauma til að forrita skrautsaum.

- Veljið saum 31 og númer hans kemur á skjáinn.
- Snertið  til að spegla sauminn hliðarspeglun. Færið ykkur áfram með hægri örvarhnappnum.

Snertið  aðgerðarhnappinn á vélinni til að forrita stop þannig að vélin saumi þetta aðeins einu sinni.

Táknið “” er nú sýnilegt í saumaröðinni á skjánum og sýnir að stop hefur verið forritað.





Saum eða staf breytt

Hægt er að breyta hvaða saum eða staf í **PROG** þegar númer saumsins er sýnilegt á skjánum. Flettið einfaldlega í gegn um númer saumanna með örvarhnöppunum þar til þið komið að því númeri sem þið viljið breyta og veljið viðkomandi saum í staðinn.

Breyta stillingum á saumum í forritaðri röð

Ef þið viljið breyta stillingum á saumum í forritaðri saumaröð þá notið þið örvarhnappana til að fara að viðkomandi saum. Þið getið þá breytt sporlengdinni og sporbreiddinni eða speglað viðkomandi saum eða staf.

Breytingarnar verða sjálfkrafa vistaðar í minni vélarinnar.

Saumið forrituðu saumaröðina

Ef þið viljið sauma saumaröðina strax snertið þið **FUNC** til að gera **REP** aðgerðina virka. Mælt er með alhliða saumfæti B.


Forritað stop er gefið til kynna með táknuinu  á skjánum.


Til að fara yfir saumaröðina, getið þið notað örvarhnappana til að fletta í gegn um hana í báðar áttir.

Saumið nú á efnisbút og hafið undirlegg undir efninu.

Speglið alla saumaröðina

Í **REP** snertið þið táknið  til að hliðarspegla alla saumaröðina. Sú breyting geymist ekki í minni vélarinnar.





ÚTSAUMUR

Yfirlit yfir útsaumsáhalð

1. Tengill fyrir útsaumsáhalð
2. Armur á útsaumsáhalði
3. Halda fyrir útsaumsrammann
4. Takki til að losa útsaumsáhalð

Fylgihlutir fyrir útsaum

Ýmsir fylgihlutir fyrir útsaum fylgja með Platinum 955E; Husqvarna Viking Útsaums bæklingurinn, Platinum 950E/955E Sýnishornabæklingur, Flower Romance útsaumsbæklingur, bæklingur um bekki. útsaumsfótur U, fjögur útsaums d-kort (Platinum 955E Sampler, 100:5, Clarendon stafagerð, 100:2, Flower Romance, 15 og bekkir 103), útsaumsrammi (240x150 mm), og útsaums sniðform, penni fyrir sniðform, skæri, skráfuhalda, tvö sýnishorn af efnum, tvö af undirleggi og 6 mismunandi útsaums tvinnakefli.

Útsaums d-kort

Rennið útsaums d-korti í raufina hægra megin á vélinni. Til að velja mynstur snertið þið sauma valhnappana sem eiga við númer mynstursins.

Til að skipta um kort togið þið kortið beint út og setjið annað kort í vélina í staðinn.

Útsaums bæklingur

Í Platinum 950E/955E Sampler bæklingnum eru öll útsaumsmynstur sýnd í raunverulegri stærð. Miðpunktur mynstursins svo og allar merkingar fyrir staðsetningu á öllum hliðum eru einnig sýndar þannig að auðvelt er að staðsetja efnið í útsaumsrammann.

Númer valmyndar (í svörtu), númer mynsturs (í rauðu), og sporaföldi í mynstrinu eru hlið við hlið í hverju mynstri.

Tvinnakeflin sem eru sýnd eru þeir litir sem mælt er með að nota fyrir hvert litanúmer og er miðað við Sulky 40 útsaumstvinna.




Útsaumsfótur U

Hægt er að nota útsaumsfótinn bæði fyrir útsaum og bútsaum þar sem mynstur eru saumuð á búтана, eða þegar verið er að sauma út á frotté efni og önnur þykkari efni.

Fyrir venjulegan útsaum er arminum á saumfætinum snúið þannig að hægt sé að lesa stafinn “U” (a).

Þegar verið er að nota hann fyrir bútsaum eða útsaum á þykkari efni, er arminum lyft upp á við (b). Með því er fóturinn staðsettur aðeins hærra sem eykur rýmið undir honum fyrir þykkari efni.





Útsaumsfóturinn U settur á vélina

Slökkvið á aðalrofanum, lyftið saumfætinum og fjarlægið fótinn sem er á fóthöldunni.

Notið skrufugripið til að losa skrúfuna sem heldur fóthöldunni og fjarlægið fóthölduna. Setjið nú útsaumsfótinn U þannig á fótstöngina að þið komið aftan frá að fótstönginni. Armurinn á útssaumfætinum á að leggjast ofan á nálarfestiskrúfuna. Snúið handhjólinu til að lækka nálina aðeins þannig að fóturinn renni á sinn stað.

Staðsetjið fótinn þannig að gatið á saumfætinum sé alveg á móts við skrufugatið á fótstönginni.




Setjið skrúfuna og herðið hana vel með skrufugripinu.



Útsaumstækið tengt við vélina

Slökkvið á Platinum 955E og rennið hólfinu fyrir fylgihlutina af vélinni.

ATH: Aftan á vélinni, er lok yfir tengli þar sem útsaumsáhaldið tengist við vélina. Áður en þið saumið út í fyrsta sinn, fjarlægið þið þetta lok varlega með t.d. skrufjárninu.



1. Rennið síðan útsaumsáhalдинu á friarminn á vélinni þar til það tengist örugglega við tengilinn aftan til á vélinni. Ef þið hafið lækkað saumfótinn þá lyftið honum áður en þið kveikið á saumavélinni. Kveikið síðan á aðalrofanum.

2. Táknid "C" sem er innan rammatáknis blikkar nú á skjánum. Ef þið hafið sett útsaumsramma á áhaldið, þá fjarlægið hann fyrst og snertið síðan 

ATH: Þið megið ekki láta vélina kvarða sig með útsaumsrammann fastan við útsaumsáhaldið, því það getur skemmt nálina, rammann og/eða útsaumsáhaldið sjálft.

3. Ef ekkert útsaums d-kort er í vélinni, þá blikkar d-korts tákn á skjánum. Rennið

útsaums d-korti í raufina hægra megin á vélinni, og veljið mynstur með því að snerta valhnappana.

4. Flytjarinn er sjálfkrafa tekinn úr sambandi þegar útsaumsáhaldið er tengt við vélina og er síðan sjálfkrafa settur aftur í samband þegar það er tekið af.

Útsaumsáhaldið fjarlægt af vélinni

1. Til að geyma útsaumsáhaldið í töskunni, snertið þið fyrst 

2. Þrýstið nú á hnappinn sem er vinstra megin og undir áhaldinu og rennið því síðan til vinstri til að taka það af vélinni.









Efnið spennt í ramma

1. Losið skrúfuna á ytri stóra rammanum og fjarlægjið innri rammann. Setjið ytri rammann á flatan flöt með skrúfuna hægra megin að neðan. Það er lítil ör í miðri neðri brún rammanns og hún á alltaf að vera á móts við litla ör sem er á innri rammanum.
2. Setjið nú undirleggsefni og efnið sjálft ofan á ytri rammann og setjið innri rammann ofan á efnið og aðgætið að litla örin snúi niður á við.
3. Þrýstið nú ofan á innri rammann þannig að hann smelli í ytri rammann.

ATH: Fullvissið ykkur um að þið hafið losað skrúfuna á ytri rammanum nægilega til að undirleggjið og efnið komist á milli rammahlutanna. Þrýstið á hliðarnar á ytri rammanum.

Herðið aðeins á skrúfunni á ytri rammanum. Til að ná sem bestum árangri verður efnið og undirleggjið að vera vel strekkt í rammanum. Strekkið efnið af og til um leið og þið smáherðið skrúfuna þar til það er vel strekkt. Notið skrúfugripið til að herða skrúfuna.



Útsaums sniðmát

Þar sem útsaumsmyndir eru sýnd í raunverulegri stærð í bæklingnum þá er auðvelt að staðsetja myndir rétt á flíkurnar sem sauma á.

1. Setjið sniðmátið yfir myndina af hinu valda myndi í bæklingnum.
2. Notið sniðmátspennann til að teikna útlínur myndstursins á sniðmátið.
3. Notið síðan sniðmátið til að staðsetja myndir á flíkina sem á að sauma út á. Þið getið merkt fyrir miðjupunktinum með því að merkja í gegn um raufarnar á sniðmátinu, hliðunum og einnig að ofan og neðan á útsaumsflötinn. Notið pictogram spennann við þetta.
4. Þegar þið spennið efnið í ramma þá setjið þið efnið og innri rammann þannig að merkingarnar á efniinu séu á móts við merkingarnar á innri rammanum. Flýtið ykkur ekki - verið viss um að allar merkingar séu á réttum stöðum.
5. Þrýstið innri rammanum inn í ytri rammann og herðið skrúfuna með skrúfugripiinu.

ATH: Lesið frekar um undirleggsefni í leiðbeiningunum yfir aukahlutina.




Rennið rammanum á áhaldið

Rennið rammanum á arminn á útsaum-sáholdinu þar til hann smellur á sinn stað.


Merkt miðja á mynstrinu á nú að vera beint fyrir neðan nálina.

ATH: Þegar þið þurfið að taka rammann af áhaldinu, þá ýtið þið á gráa hnappinn á útsaum-sáholdinu og rennið rammanum fram á við.



Byrjað að sauma út

1. Rennið útsaumsáholdinu á vélina og kveikið á Platinum 955E.
2. Setjið útsaums d-kort (Platinum 955E Sampler, 100:5). Kvarðið áhaldið með því að snerta .
3. Veljið mynstur með því að snerta val-hnappana. Platinum 955E velur sjálfkrafa minnsta rammann sem hentar fyrir viðkomandi mynstur. Snertið  til að sjá rammastærðina. Lengdar og breiddarnúmer mynstursins sýna rammastærðina. Til að breyta um rammastærð - sjá bls. 52.
4. Rennið rammanum á útsaumstækið. Fullvissið ykkur um að ramminn sem þið ætlið að nota sé af sömu stærð og sýnt er á skjánum. Skiptið annars um rammastærð (sjá bls. 52).
5. Snertið **START/STOP** til að byrja útsauminn. Vélin veit að ramminn er á áhaldinu og byrjar að sauma. Eftir nokkur spor stöðvast vélin og táknið með skærum blikkar á skjánum, sem gefur til kynna að þið eigið að klippa tvinnendana áður en áfram er haldið.
6. Klippið tvinnendana og ýtið á **START/STOP** til að halda áfram með útsauminn.
7. Þegar búið er að sauma fyrsta litinn, þá stöðvast Platinum 955E sjálfkrafa. Litur númer “2” blikkar á skjánum og gefur til kynna að nú þurfi að klippa tvinnann og skipta um lit. Þræðið næsta lit og haldið síðan áfram eins og lýst var í 5-6 hér að ofan.
8. Þegar útsaumurinn er búinn, þá stöðvast Platinum 955E sjálfkrafa. Ramminn færir á byrjunarstöðu fyrir fyrsta litinn. Tvinnalitur nr. “1” blikkar á skjánum. Veljið nú annað mynstur með því að snerta valhnappana.





Tákn á skjánum þegar verið er að sauma út

Saumfótur niður



Blikkandi tákn um saumfót gefur til kynna að annaðhvort eigi að lyfta eða lækka saumfótinn.

Kvörðun

Blikkandi “C” innan tákns um ramma minnir ykkur á að fjarlægja rammann og snerta  til að kvarða vélina - sjá bls. 46.

Útsaums d-kort

Blikkandi d-kort minnir ykkur á að setja útsaumskort í vélina.



- STOP** tákn gefur til kynna að Platinum 955E stoppar eftir hvern tvinnalit. Ef stop aðgerðin er afturkölluð kemur ekkert stop tákn á skjáinn og vélin saumar mynstrið þá aðeins í einum lit.
- Notið **ÚTSAUMSFÓT U** “U” gefur til kynna að staðan á fótlyfinum á að vera í stöðu a. “U” gefur til kynna stöðu b. (sjá bls. 45).
- Táknið “E” gefur til kynna **SNÚNINGSSTÖÐU** mynstursins. Um leið og þið snúið mynstrinu þá snýst táknið “E” um leið.
- Yfirlitsglugginn: Þegar útsaumskort með mörgum valmyndum er sett í vélina, þá er **NÚVERANDI VALMYND** sýnd hér.
- Númer á tvinnalit (**NUMBER.**) Blikkandi númer við hliðina á tvinnakefli gefur til kynna að skipta um tvinnalit. Blikkandi “E” við hliðina á tvinnakefli gefur til kynna að tvinninn hafi klárast eða sé slittinn.
- BLIKKANDI SKÆRI** minnir ykkur á að klippa tvinnaendana í byrjuninni.
- Gefur til kynna valið **MYNSTURNÚMER.** “- -” á skjánum gefur til kynna að ekkert mynstur hefur verið valið.
- Gefur **BREIDD** mynstursins til kynna (í mm.). Hægt er að breyta henni með sporbreiddarhnöppunum.
- Gefur **HÆÐ** mynstursins til kynna (í mm) Hægt er að breyta henni með sporlengdarhnöppunum.

Ath: Tölurnar fyrir breidd og hæð mynstursins geta einnig gefið ráðlagða rammastærð til kynna. Þegar þið hafið valið mynstur og ýtt á táknið til að velja rammastærð, þá er ráðlögð rammastærð sýnd hér í stað breiddar og hæðar á mynstrinu og ferhyrningur innan rammatáknsins blikkar þá. Frekari upplýsingar um hvernig skipta á um rammastærð er á bls. 50.



Útsaums aðgerðir

◀ Hliðarspeglun

Snertið **HLIÐARSPEGLUN (MIRROR SIDE TO SIDE)** og vélin speglar mynstrið. Þegar þessi aðgerð er valin kemur tákn á skjáinn.



⌚ Snúið mynstrinu


Snertið **SNÚA MYNSTRI (ROTATION)** til að snúa mynstrinu í 90° þrepum. Þið sjáið snúningsáttina því “**E**” snýst einnig eftir hverja snertingu.



Stilla stærð mynsturs

Þið getið kvarðað stærð mynstursins upp eða niður á við (allt að 25% í hvora áttina sem er). Notið sporlengdarhnappana til að breyta hæðinni en sporbreiddarhnappana fyrir breiddina. Hljóðmerki gefur til kynna þegar komið er að hámarkunum.

Breyting á hæð og breidd getur einnig breytt mynstrunum í mjó og löng mynstur eða stutt og breið mynstur. Þegar þið stækkið eða minnkið stærð mynsturs, getið þið prófað ykkur áfram með mismunandi grófleika af útsaumstvinna þar sem sporafjöldinn í mynstrinu verður alltaf sá sami hvort sem mynstrinu er breytt eða ekki. Notið finni tvinnu fyrir mynstur sem eru minnkuð og grófari tvinnu fyrir mynstur sem eru stækkuð.





Flett í gegn spor fyrir spor

Snertið þessa hnappa til að fara í gegn um mynstur spor fyrir spor. Ef yfirtvinninn hefur t.d. slitnað eða klárast, þá snertið þið  til að fara afturábak nokkur spor. Snertið  til að fletta áfram spor fyrir spor.

ATH: Þegar hnöppunum er haldið inni, þá flettið þið hraðar í gegn um mynstrin.

Flett í gegn lit fyrir lit

Þegar mynstur er samansett úr mörgum litum, getið þið notað þessa hnappa til að fletta afturábak  eða áfram  til að fara á byrjun hvers litar.



Hnappur til að athuga stærð og staðsetningu



Með því að snerta þennan hnapp fer ramminn í öll fjögur horn mynstursins til að kanna útlínur og stærð þess. Eftir fyrstu snertingu fer ramminn í efra vinstra hornið á mynstrinu (tákn blikkar innan rammans á skjánum til að sýna viðkomandi horn). Hver snerting færir síðan rammann í næstu hornin. Fimmsta snertingin færir hann síðan aftur á byrjunarstöðu eða á fyrsta sporið í mynstrinu.

Þessi könnun sýnir ykkur einnig á hvaða stað á flákinni mynstrið verður saumað. Þetta auðveldar staðsetningu þegar þið saumið mynstur nokkrum sinnum í röð.


Þegar þið veljið mynstur þá er ramminn ávallt staðsettur þannig að vélin byrji að sauma á miðju útsaumsmynstrinu.

Færið staðsetningu mynstursins

Notið færsluhnappana til að færa mynstrið til yfir á annað svæði innan útsaumsrammans.

Um leið og þið snertið hnappana sjáið þið hvernig ramminn færist til.

Takmark í hvora átt fyrir sig er gefin til kynna með hljóðmerki.



ATH: Ef þið viljið breyta stærð mynstursins, byrjið þið á því, áður en þið farið að breyta um staðsetningu innan rammans. Ef þið byrjið á að færa mynstrið og síðan að stækka það, getur verið að þið séuð komin of nálægt jafri rammans eftir stækkunina.




Stærð á útsaumsramma

Eftir að hafa valið mynstur, gefa lengdar og breiddartölur viðkomandi mynsturs til kynna hvaða stærð af ramma þarf að nota fyrir mynstrið. Veljið aðra stærð af ramma með því að snerta hnappinn fyrir útsaumsrammann á ný. Snertið hann aftur og aftur til að fletta á milli rammastærðanna. Lengdar og breiddartölur mynsturs sýna mismunandi rammastærðir. Ef engin önnur stærð er fyrir hendi fyrir valið mynstur þá gefur vélin frá sér hljóðmerki og lengdar og breiddartölurnar blikka á skjánum.

Fullvissid ykkur ávallt um að þið séuð að nota þá rammastærð sem sýnd er á skjánum. Nemi í armi útsaumsáhaldsins athugar hvort þið eruð með réttan ramma, þannig að í raun og veru eigið þið ekki að geta gert mistök. Ef þið hafið sett rangan ramma á arminn, blikkar stærð rammans á skjánum. Skiptið þá um og setjið réttan ramma á vélina. Þetta tákn er einnig notað þegar vélin er að kvarða sig fyrir útsaumsáhaldið.

ATH: 40 x 40 “Mini ramminn”, 100 x 100 “Litli ramminn”, 100 x 100 “Kringlótti ramminn”, 170 x 100 “Mið ramminn” og “Endalausi ramminn”, 180 X 130 “Mynstur ramminn”, 15 x 150 “Bútaums ramminn”, og 360 x 150 “Mega ramminn” fást allir sem aukahlutir (sjá nánar í bæklingnum yfir aukahlutina).



Aðgangur að spólusvæði

Ef spólan klárast, þá stoppið þið vélina með því að ýta á **START/STOP**.

Þið getið komist að spólusvæðinu þótt ramminn sé á áhaldinu með því að snerta 

og við það færast ramminn frá ykkur þannig að þið komist að lokinu yfir spólunni. Þegar þið eruð búin að setja nýja spólu í spóluhúsið snertið þið  á ný til að færa rammann yfir á útsaumssvæðið. Togið í umfram yfirtvinnann, flettið afturábak um nokkur spor (bls. 51) og snertið **START/STOP** til að halda áfram að sauma út.

Geymslustaða

Fjarlægjið útsaumsrammann af áhaldinu og snertið þennan hnapp til að setja áhaldið í geymslustöðu og ganga frá því í geymslu.

MENU Valmynd

Á sumum útsaums d-kortum eru fleiri en ein valmynd. Snertið **MENU** til að fletta á milli valmyndanna. Virk valmynd er sýnd á skjánum.

Stærð


Snertið **SIZE** til að fletta á milli mismunandi stærða á stafrófs d-kortinu. Virk stærð er sýnd í neðra vinstra hluta skjásins. Stærðin hverfur eftir nokkrar sekúndur eða þegar þið veljið staf.



Klippið tvinnaendana

Þegar þið skiptið um tvinnalit, er alltaf best að klippa löngu “stökksporin” strax en þau verða til þegar ramminn færir sig yfir lengra svæði. Þetta auðveldar mjög hreinsun á tvinnaendum því það getur verið að vélin verði margbúin að sauma yfir þessa enda þegar hún verður búin að sauma allt mynstrið og þá er erfiðara að klippa þá.


Snertið , og ramminn færist í áttina að ykkur. Klippið tvinnaendana eftir stökksporin og snertið  á ný. Ramminn færist aftur á fyrra svæði. Snertið **START/STOP** til að halda áfram með mynstrið.



Fix

Áður en þið byrjið að sauma mynstrið snertið þið **FIX** til að þræða útlínu í kring um mynstursvæðið. Þetta getur t.d. komið sér vel þegar verið er að sauma á efni sem ekki er hægt að spenna mjög stíft í rammann. Fix aðgerðina er einnig hægt að nota t.d. til að þræða efni við undirleggsefni. Þræðingin sýnir einnig svæðið þar sem mynstrið verður saumað.

Þegar **FIX** aðgerðin er virk er ekki hægt að fletta fram og til baka í gegn um litarsvæðin.



Útsaumur í einum lit

Snertið **STOP** (táknið hverfur af skjánum) til að hætta við litaskiptingar og sauma mynstrið allt í einum lit.

Hraði

Hver saumur og hvert mynstur eru með fyrirfram ákveðinn hámarks saumhraða. Ef þið viljið minnka þennan hraða t.d. ef þið eruð að nota einhvern sérstakan og erfiðan tvinna, þá getið þið snert . Til að auka hraðann á ný snertið þið  á ný.



Stöfum raðað saman

Stafrófskortid Clarendon stafagerð 100:2 fylgir með vélinni Platinum 955E. Þegar þið saumið fleiri en einn staf, þá er byrjunarstaða hvers stafs ávallt þar sem endapunktur fyrri stafsins er.

Ef þið snúið eða breytið stærð á fyrsta stafnum, þá mun næsti stafur einnig verða í sömu stillingum og sá fyrri.

Til að sauma orðið “Platinum”, setjið þið útsaumsáhhaldið á vélina og rennið Clarendon stafakortinu í vélina.

Eftir kvörðun blikkar textinn “**SIZE**” tvisvar á skjánum. Snertið **STÆRÐAR (SIZE)** hnappinn til að fletta á milli stærðanna.

- Veljið 20 mm stærð.

Stafrófskortid er með þrjár valmyndir, hástafi (A..), lágstafi (a..) og tölustafi/sérstaka stafi (1..). Flettið á milli valmyndanna með því að snerta **MENU** hnappinn.

- Veljið hástafi. **A..** kemur á skjáinn.
- Snertið valhnappa 1 og 6 til að velja “P”.
- Til að hægt sé að koma þessu öllu fyrir í rammanum snertið þið snúningshnappinn **SNÚNINGSHNAPPINN** einu sinni.
- Snertið **STAÐSETNINGARÖRINA UPP** til að færa byrjunarstöðuna efst á útsaumsflötinn.
- Snertið **START/STOP** til að byrja að sauma. Þegar “P” er búið, snertið þið **MENU** til að velja lágstafina (**a..**).
- Snertið hnappana 1 og 2 til að velja “P”.
- Snertið **START/STOP** til að byrja að sauma.

Platinum 955E snýr stafnum sjálfkrafa og staðsetur stafinn “P” við hliðina á saumaða stafnum “P”.

Haldið áfram að velja og sauma stafina a, t, i, n, u, og m í samræmi við leiðbeiningarnar hér að ofan þar til allt orðið er saumað.

Ef þið staðsetjið stafina nálægt jaðrinum



á útsaumsrammanum, verðið þið að gera ráð fyrir nægu rými fyrir bæði breidd og hæð stafanna sem á að sauma. Ef stafur er of hár og/eða of breiður til að passa við hliðina á þeim sem saumaður var á undan, þá er ramminn færður aftur yfir á miðjuna á útsaumsfletinum. Þið getið valið um að færa stafinn á hentugasta flötinn, eða þá að endurspenna efnið aftur í rammann til að koma í veg fyrir ranga staðsetningu.

ATH: Ef þið viljið sauma orð sem færu út fyrir stærð rammans sem þið eruð að nota, spennið þið efnið aftur í rammann. Notið **STAÐSETNINGARÖR-VARNAR (POSITIONING ARROWS)** til að staðsetja næsta staf á réttan stað á síðast saumaða stafnum í röðinni. Nálin bendir ávallt á staðinn þar sem vélin byrjar að sauma. Notið einnig hnappinn **ATHUGA STÆRÐ (CHECK SIZE BUTTON)** til að fara eftir útlínu mynstursins.

ATH: Stafrófið á aukalega fáanlega d-kortinu 100:3, Palace skrifskrift og 100:4, Kalligraphia, eru saumuð eins og sýnt er að ofan.

UMHIRDA Á VÉLINNI





Skipt um peru


Notið eingöngu ljósaperur af sömu gerð og gefnar eru upp framan á vélinni (12V, 5W). Þær fást t.d. hjá umboðsaðila Husqvarna.




Slökkvið á aðalrofanum.

1. Setjið peruskiptirinn með stærri holuna, merкта OUT utan um peruna. Snúið perunni EKKI - togið hana bara úr perustæðinu til að fjarlægja hana.
2. Þegar þið setjið nýja peru í vélina setjið þið peruna í grynna enda peruskiptisins, sem er merktur IN. Setjið nýju peruna í með því að þrýsta henni upp á við í perustæðið.

1.



2.





Hreinsun

Til að vélin verði ykkur til ánægju er nauðsynlegt að þrifa hana reglulega. Það þarf hins vegar aldrei að smyrja hana.




Slökkvið á aðalrofanum.

Þurrkið vélina utanverða með mjúkum þurrum klút til að hreinsa allt ryk og ló.

Hreinsið í kring um gríparasvæðið

Fjarlægið saumfótinn og rennið lokinu yfir gríparanum af. Takið flytjarann úr sambandi. Setjið áhaldið til að fjarlægja stingplötuna á burstann og síðan í raufina sem er aftan á stingplötunni. Snúið áhaldinu til að smella stingplötunni af sínum stað. Hreinsið flytjaratennurnar með burstanum.




Hreinsið undir gríparasvæðinu

Þegar ló safnast saman þarf að hreinsa svæðið undir gríparanum.

Fjarlægið hölduna fyrir spóluhúsið (1) sem er yfir fremri hluta spóluhússins (2). Fjarlægið spóluhúsið með því að lyfta því upp. Hreinsið allt með burstanum.

Setjið spóluhúsið og hölduna fyrir það aftur á sinn stað.



Stingplatan sett aftur á sinn stað

Með flytjarann enn úr sambandi, staðsetjið þið stingplötuna ca. 5mm frá aftari brúninni og ýtið henni aftur á bak og niður á við. Rennið lokinu aftur yfir gríparann. Setjið flytjarann aftur í samband.



Gangtruflanir og ráð við þeim.

Ef einhver vandræði koma upp þegar þið eruð að sauma:

- Setjið þá nýja nál í vélina.
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinnann.
- Notið aðra stöðu fyrir keflispinnann (lóðrétt eða lárétt).
- Notið net yfir tvinnann og munið aðeins gæðatvinna. Við mælum almennt með því að nota sama tvinna sem undir og yfirtvinna þegar þið eruð að sauma almenna sauma. Fyrir skrautsauma mælum við hins vegar með útsaumstvinna sem yfirtvinna og sérstökum undirtvinna fyrir útsaum.

Efnið rykkist?

- Athugið nálina, hún gæti verið skemmd.
- Tvinnaspennan er of stíf. Stílið tvinnaspennuna.
- Notið þann saumfót sem mælt er með á skjánum.
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinnann.
- Notið eingöngu gæðatvinna.
- Styttið sporlengdina.
- Notið undirleggsefni.

Vélin hleypur yfir?

- Athugið nálina, hún getur verið skemmd.
- Athugið hvort nálin sé rétt sett í nálarhölduna og að hún sé alveg uppi í henni.
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinnann.
- Notið þann saumfót sem mælt er með.
- Slökkvið á vélinni og kveikið aftur á henni.
- Hafið samband við umboðsaðilann.

Nálin brotnar?

- Gætið þess að toga ekki í efnið um leið og þið saumið.
- Setjið nýja nál af þeirri gerð og grófleika sem mælt er með (sjá bls. 12).

Efnið færast ekki?

- Setjið flytjarann í samband.
- Aukið sporlengdina.

Léleg tvinnastilling?

- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinnann.
- Setjið nýja nál í vélina.
- Stílið tvinnaspennuna með tvinnastillingarhnöppunum.

Yfirtvinninn slitnar?

- Rennur tvinninn frjálsglega og án þess að eitthvað togi í hann?
- Notið net yfir tvinnann - og munið - aðeins gæðatvinna.
- Nýja nál og annan grófleika?
- Endurþræðið bæði yfir og undirtvinnann - athugið hvort þræðingin er rétt.
- Notið aðra stöðu fyrir keflispinnann (lóðrétt eða lárétt).
- Ef nálargatið á stingplötunni er skemmt eða mjög rispað er nauðsynlegt að skipta um stingplötu.
- Er rétt skifustærð notuð fyrir framan tvinnakeflið?

Undirtvinninn slitnar?

- Spólið á aðra spólu.
- Skiptið um spólu í vélinni, athugið að þræða spóluhúsið rétt (sjá bls. 10).
- Ef nálargatið á stingplötunni er skemmt eða rispað verður að skipta um stingplötu.
- Hreinsið spólusvæðið.

Spólarinn spólar óregluega á spóluna?

- Yfirfarið þræðinguna fyrir spólarann.

Rangur saumur, óreglulegur eða of mjór?

- Slökkvið og kveikið aftur á vélinni til að endurstilla hana.
- Skiptið um nál, endurþræðið bæði yfir og undirtvinnann.
- Notið undirleggsefni undir efnið.



Vélin saumar hægt?

- Yfirfarið hraðastillinguna.
- Fjarlægð stingplötuna og hreinsið öll óhreinindi frá spólusvæðinu og flytjara-num.
- Látið umboðsaðilann líta á vélina.

Vélin saumar ekki?

- Athugið að spólarinn sé í efri stöðu.
- Athugið að allir tenglar séu fyllilega í tenglum vélarinnar.
- Athugið hvort rafmagn er á veg-tengli.

Ójöfn hnappagöt? (aðeins 955E)

Það getur verið nauðsynlegt þegar verið er að sauma á erfið efni, að stilla jöfnun í hægri og vinstri legg hnappagatsins. Til að jafna út sporþéttleika í hægri legg hnappagatsins, snertið þið báða örvarhnappana samtímis þar til tákníð fyrir jöfnunina  er sýnilegt á skjánum. Notið sporlengdarhnappana til að stilla jöfnunina. Með (-) verða spörin í hægri leggnum þét-tari, en með (+) verða þau gisnari.

Með því að snerta **CLR** hnappinn fer vélin aftur á sporlengdar aðgerð. Stillingin fyrir jöfnun á hnappagati verður áfram í vélinni þar til slökkt er á henni. **ATH:** Það er aðeins hægri leggurinn sem er stilltur.

Útsaumurinn rykkist? (aðeins 955E)

- Notið rétt undirleggsefni - sjá nánar í leiðbeiningum fyrir aukahluti).
- Athugið að efnið sé spennt stíft í ram-mann (sjá bls. 47).
- Stillið tvinnaspennuna (bls. 15).

Vélin vill ekki sauma út? (aðeins 955E)

- Þrýstið útsaumsáholdinu örugglega inn í tengilinn á vélinni
- Setjið stafrófs eða útsaumskort í vélina.

- Rennið rammanum á áhaldið.
- Er ramminn af sömu gerð og stærð og mælt er með á skjánum?

Villuskilaboð (aðeins 955E)

- “**Er 01**” og tákníð fyrir d-kortið blikkar á skjánum – rangt d-kort sett í vélina.
- “**Er 02**” og tákníð fyrir d-kortið blikkar á skjánum - ólæsilegt d-kort hefur verið sett í vélina. Fjarlægð kortið og setjið stafrófs eða annað d-kort í vélina.
- “**Er 03**” og tákníð fyrir d-kortið blikkar á skjánum - mynstrið er of stórt fyrir ram-mann sem á að nota.
- “**Er 04**” villa kom fram á meðan saumað var út, t.d. er sporaskipun sem ætti að sau-mast fyrir utan rammann.
- Blikkandi “**E**” við hliðina á tvinnakeflinu gefur til kynna að yfirtvinninn sé búinn eða slitinn.

Skjárinn virkar ekki þegar hann er snertur

Tengillinn aftan á vélinni þar sem útsaum-sáholdið er tengt getur verið viðkvæmur fyrir stöðurafmagni þegar áhaldið er ekki á vélinni. Ef skjárinn virkar ekki við snertingu, reynið þá að slökkva á vélinni og kveikja á henni aftur. Ef þetta virkar ekki hafið þá samband við umboðsaðilann. Látið yfirfara **Platinum 775/955E reglulega hjá viðurkenndum Husqvarna umboðsaðila.**

Ef þið eigið við eitthvert ákveðið vandamál að stríða, er alltaf gott að láta saumaða prufu fylgja með. Slík saumuð prufu segir oft miklu meira en mörg orð.

Notið alltaf og eingöngu “original” varahluti og fylgihluti frá Husqvarna

Ábyrgðin á Platinum 775/955E fellur niður ef notaðir eru aðrir en “original” hlutir frá Husqvarna í vélina.

**Atriðaskrá**

Aðal keflispinni	6
Aðgerðarhnappar	18, 35
Aðgerðir	50-53
Aðgerðir fyrir útsaum	50
Afturábak hnappur	18
Auka keflispinni	7

D-kort

44

Efnið spennt í ramma	47
-----------------------------	----

Farið á milli sauma í saumaröð	31, 41
---------------------------------------	--------

FIX	18, 34
------------	--------

Fjarlægja

hólf fyrir fylgihluti	5
-----------------------	---

útsaumsáhalðið	46
----------------	----

stingplötuna	57
--------------	----

Flytjarinn	16
------------	----

Fótmótstaðan	4, 5
--------------	------

Forritun	29, 41
----------	--------

Fótur U	45
---------	----

FUNC	20
------	----

Fylgihlutum komið fyrir	5
-------------------------	---

Gangtruflanir og ráð við þeim	58-59
--------------------------------------	-------

Gengið frá að saum loknum	5
---------------------------	---

Geymslustaða	52
--------------	----

Hliðarspeglun	19, 35
----------------------	--------

Hnappagatafótur með nema	14
--------------------------	----

Hnappagöt	14, 45, 46, 47, 59
-----------	--------------------

Hólf fyrir fylgihluti	3
-----------------------	---

Hraði á vél	53
-------------	----

Hreinsun á vél	45
----------------	----

Innbyggð minni	20, 29, 36, 41
-----------------------	----------------

Keflispinnar

aðal keflispinni	6
------------------	---

auka keflispinni	7
------------------	---

Menu (valmyndir)	21, 22, 36
-------------------------	------------

Minnin	20, 29, 36, 41
--------	----------------

Mótstaðan tengd	4
-----------------	---

Mynsturstærð	50
--------------	----

Nálar	12
--------------	----

Nálin	
-------	--

skipt um	12
----------	----

skemmd	12
--------	----

nálarstöður	19
-------------	----

stöðvast uppi/niðri	18
---------------------	----

Nálin niðri / uppi	18
--------------------	----

Nálin þrædd	8
-------------	---

NORM	20, 36
------	--------

Nytja saumar	20, 33-48
--------------	-----------

Nytja og skrautsaumar	21
-----------------------	----

Öfn efni	22
-----------------	----

Þrjónuð efni	22
---------------------	----

PROG	20, 29, 36
------	------------

REP	20, 36
------------	--------

Rétt tvinnastilling	15
---------------------	----

Röng tvinnastilling	16
---------------------	----

Saumað

hraði	18, 34
-------	--------

Saumar í saumaröð	31, 43
-------------------	--------

Saumfætur	13
-----------	----

Saumfótur	
-----------	--

skipt um	14
----------	----

fótyftir	14
----------	----

Saumar og stafir	30-31, 42
------------------	-----------

Setningar saumaðar	42
--------------------	----

Skífur fyrir tvinnakefli	6
--------------------------	---

Skipt um nál	12
--------------	----

Skipt um peru	56
---------------	----

Skipt um fót	14
--------------	----

Sniðmát	47
---------	----

Speglun	19, 35
---------	--------

Spólað á spóluna	10
------------------	----

Spólað í gegn um nálina	11
-------------------------	----